ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 10. febrúar 1999 • 6. tbl. • 16. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

Íshúsfélag Ísfirðinga hf.

Sviptingar hjá Íshúsfélagi Ísfirðinga hf.

Framkvæmdastjóri og aðalstjórn segja af sér

Hræringar og sviptingar hafa verið í yfirstjórn Íshúsfélags Ísfirðinga að undanförnu og hafa mál verið í gerjun í nokkurn tíma. Öll aðalstjórn félagsins hefur sagt af sér en varastjórnin tekið við stjórnartaumum. Björgvin Bjarnason, framkvæmdastjóri Íshúsfélagsins, staðfesti í samtali við BB að hann hefði sagt starfi sínu lausu og muni væntanlega hætta áður en langt um líður. Björgvin vildi ekki tjá sig neitt um málið að öðru leyti.

Þeir sem skipuðu aðalstjórn og hafa látið af stjórnarstörfum eru Magnús Reynir Guðmundsson, sem var stjórnarformaður, Gunnar Þórðarson og Jón Kristmannsson. Þeir sem voru í varastjórn en skipa nú aðalstjórn eru Guðni Geir Jóhannesson, stjórnarformaður, Jón Ólafur Þórðarson og Kristján G. Jóhannsson.

Íshúsfélag Ísfirðinga hf. er að langmestum hluta í eigu útgerðarfélagsins Gunnvarar hf. á Ísafirði. Þeir sem blaðið hefur rætt við um þessi mál vilja sem minnst um þau segja og því síður láta hafa neitt eftir sér um ástæður þessara hræringa. Þó mun ágreiningur innan ætta og fjölskyldna sem hlut eiga að máli valda þar miklu. Talsvert tap hefur verið á rekstri Íshúsfélags Ísfirðinga á síðustu árum. Fyrr í vetur hófust þreifingar um samvinnu eða sameiningu við Hraðfrystihúsið hf. í Hnífsdal en allsendis óljóst er um niðurstöðu, samkvæmt heimildum blaðsins.

Sunnukórinn á Ísafirði til Grænlands?

Söngferð til Nanortalik

Uppi eru hugmyndir um að Sunnukórinn á Ísafirði fari í vor í heimsókn til Nanortalik, vinabæjar Ísfirðinga í Grænlandi, með ferðastyrk frá Ísafjarðarbæ. Nanortalik er syðsti bær Grænlands og búa um 1.500 manns í sjálfum bænum en um 1.000 manns í smáþorpum í kring. Umhverfi bæjarins er fagurt og margt að skoða. Hafinn er gullgröftur í fjalli í grenndinni. Þaðan rennur á og er gestum boðið að sigta möl úr henni. Þar geta menn átt von á góðum gullmola ef heppnin er með.

Enda þótt ekki sé löng loftlína til Nanortalik er sjálf ferðin þangað töluvert ævintýri og síðasti áfanginn farinn með þyrlu frá Narsassuaq. Ákvörðun um ferðina verður væntanlega tekin innan tíðar.



Ísafjörður

Gamla barnaskólahúsið friðað

Húsafriðunarnefnd ríkisins vill friða gamla barnaskólahúsið við Aðalstræti á Ísafirði. Á fundi nefndarinnar fyrir skömmu var ákveðið að afla gagna um húsið, í því skyni að undirbúa viðræður við bæjaryfirvöld um friðun þess.

Húsið er senn aldargamalt og var fullbúið haustið 1901. Það var vígt 7. október sama ár og hófst þá kennsla þar. Upphaflega var húsið ein hæð en sumarið 1906 var önnur hæð byggð ofan á það.

Ísafjörður

Sótt um lóð fyrir ísverksmiðju

Jóhann Ólafson, fyrrum forstöðumaður Vinnueftirlits ríkisins á Vestfjörðum, hefur sótt til bæjaryfirvalda á Ísafirði um lóð fyrir ísverksmiðju sem hann hyggst reisa á Gámavöllum á Sundabakka.

Í verksmiðjuhúsinu er gert ráð fyrir 100 tonna geymslu, vélasal, skrifstofu og aðstöðu fyrir starfsmenn. Ætlunin er að hægt verði að blása ísnum beint um borð í skip og báta, auk þess sem hann yrði afgreiddur í kör. Grunnflötur hússins á að vera um 14,5 x 55 metrar en auk þess þarf athafnasvæði við húsið. Jafnframt fer Jóhann fram á að tryggt verði nægilegt vatn til ísframleiðslunnar en vatnsþörfin er áætluð 33 tonn á dag í fyrstu en framtíðaráætlanir hljóða upp á allt að 70 tonn af vatni á dag.

Ísafjörður

Flugfarþegum fækkar

Flugfarþegum sem fóru um Ísafjarðarflugvöll fækkaði um 7% eða um 4.200 manns milli áranna 1997 og 1998 á meðan farþegum í innanlandsflugi fjölgaði um 7%. Á nær öllum stærri stöðum á landinu fjölgaði farþegum milli ára en fækkaði aftur á móti á hinum minni. Þeim sem fóru um Bíldudalsflugvöll fækkaði um 790 eða 9%.

Ísafjörður hefur algera sérstöðu meðal stærstu staða. Til samanburðar má nefna, að flugfarþegum fjölgaði í Vestmannaeyjum um 13.600 eða 19% og á Akureyri um 25.100 eða 16%.

Bæjarins besta

Útgefandi:
H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
☎ 456 4560
456 4564
Netfang prentsmiðju:
hprent@snerpa.is
Stafræn útgáfa:
http://www.snerpa.is/bb

Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson
Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson
Blaðamaður:
Hlynur Þór Magnússon
Netfang ritstjórnar:
bb@snerpa.is

Bæjarins besta er í samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða. Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

LEIÐARI

Hið þýska fley

Þess er ekki langt að minnast er einn þingmanna kvað svo að orði að nú reyndi á hvort hann (ráðherrann, flokksbróðir þingmannsins) reyndist maður orða sinna.

Mun miklu lengra aftur í tímann farið bar við að menn handsöluðu samninga sín á milli. Töluð orð jafngiltu undirskrift. Handtakið var innsiglið. Menn þeirra tíma reyndust menn orða sinna.

„Það er sjálfsagt að menn selji skip sín eins og aðrar eignir, til þess hafa þeir fullan rétt. En það stríðir gegn öllum lögmálum siðaðra manna að einstaklingar selji þjóðareign, lögum samkvæmt, sem sína eigin."

Þetta sögðum við í leiðara þegar Samherji keypti Gugguna eða öllu heldur aflaheimildir hennar, sem við kváðum „stærsta og átakanlegasta dæmið um hriplekt kvótakerfi, sem þjónar þeim helsta tilgangi að koma yfirráðum mestu auðlindar okkar Íslendinga á fárra manna hendur."

Tveimur árum seinna rifja menn upp fögru loforðin sem þá voru gefin en sem nú eru brostnar vonir einar. Guggan er orðin þýsk.

„Það má ekki hengja okkur um aldur og ævi fyrir það sem höfum einhvern tíma sagt" er haft eftir forstjóra Samherja, sem lítur svo á að aðalmálið sé ekki hvað skipin heita og hvar þau landa, hagsmunir félagsins gangi fyrir.

„Ég er voðalega sár, ég get ekki sagt annað." Og lái honum (Geira á Guggunni) hver sem vill. En „þeir (Samherjamenn) reka sitt fyrirtæki, blessaðir drengirnir," og þeir hafa komið vel fram við hann (Ásgeir) þótt mikið vanti á að þau orð hafi staðið sem féllu við sameiningu Hrannar og Samherja á sínum tíma.

Guggu-málið snýst ekki um það hvort forstjóri Samherja er maður orða sinna eða ekki. Það snýst heldur ekki um hversu mikil sárindi Ásgeirs Guðbjartssonar eru. Möndull þessa máls eru ólög kvótakerfisins sem gera mönnum kleift að braska með fjöregg þjóðarinnar. Í kvótakerfinu skipta fögur fley ekki máli, jafnvel þótt gul séu. Þar blífur söluverðmæti kvótans sem handhafarnir geta braskað með að eigin vild. Í augum íbúa þeirra byggðarlaga sem kvótakerfið er að leggja í auðn skiptir hins vegar miklu máli hvar aflinn kemur að landi, hvað sem blessaðir drengirnir segja.

Það skiptir engu máli þótt Guggan sé orðin þýsk úr því sem komið var. Það skiptir hins vegar öllu að tekið verði á braskinu í kvótakerfinu. Braskinu sem búið er að færa yfirráðaréttinn yfir auðlindinni á fárra manna hendur og kemur í veg fyrir að ungir og framsæknir menn geti hafið útgerð á Íslandi.

– s.h.

ORÐ VIKUNNAR

Klaustur

Orðið klaustur er komið úr latínu eins og margt annað sem varðar trúarbrögð. Það merkir í rauninni „lokað hús" enda áttu fæstir sem gengu í klaustur afturkvæmt þaðan. Klaustur er skylt ensku sögninni to close (að loka). Klósett er lítið herbergi sem venja er að loka að sér meðan á dvöl stendur, þótt flestir eigi þaðan afturkvæmt sem betur fer. Claustrophobia er innilokunarótti (fóbía = ótti eða fælni, oft án sérstakrar ytri ástæðu, að því er virðist).

Útgerðarfélagið Marína kaupir Sunnutind

Rækjulína sett í skipið á Ísafirði

Frystitogarinn Sunnutindur SU 59 kom til hafnar á Ísafirði sl. mánudagsmorgun. Nýr eigandi þess er Útgerðarfélagið Marína, en það er í eigu þeirra Aðalsteins Ómars Ásgeirssonar á Ísafirði og Aðalbjörns Jóakimssonar úr Hnífsdal, sem kenndur var við Bakka hf. Skipið keyptu þeir af Búlandstindi hf. á Djúpavogi. Útgerðarfélagið Marína er skráð í Reykjavík.

Sunnutindur er flakafrystitogari en strax við komuna til Ísafjarðar hófu Vélsmiðjan Þristur hf. og Skipasmíðastöðin hf. á Ísafirði vinnu við að setja rækjuvinnslulínu í skipið, flokkara og kör fyrir Japansrækju. Að öðru leyti verður notast við sama búnað og notaður var fyrir bolfiskinn. Reiknað er með að þetta verk taki viku til tíu daga en síðan fer skipið á rækjuveiðar á Vestfjarðamiðum og frystir aflann um borð, að sögn Aðalsteins Ómars. Ekki er ákveðið hvar skipið leggur upp. Ástandið á rækjumiðunum hefur verið mjög dauft í vetur en menn vonast eftir þokkalegri rækjuveiði á Dohrnbanka í næsta mánuði.

Sunnutindur SU 59 við komuna til Ísafjarðar.

Skipið er um 300 brl. Það var smíðað í Noregi árið 1978

Fjárhagsáætlun Bolungarvíkurkaupstaðar 1999

Samdráttur og erfiður fjárhagur

Fjárhagsáætlun Bolungarvíkurkaupstaðar og stofnana hans fyrir árið 1999 var samþykkt á bæjarstjórnarfundi fyrir skömmu. Hún ber glögg merki samdráttar og erfiðrar fjárhagsstöðu bæjarins.

Áætlunin er samin við þær aðstæður, að íbúum bæjarins hefur fækkað um 6,5% á milli áranna 1997 og 1998. Samhliða því hefur hálaunastörfum í bæjarfélaginu fækkað verulega. Þetta tvennt hefur í för með sér umtalsverða skerðingu í tekjuáætlun fyrir 1999. Reiknað er með allt að 13 milljón króna lægri tekjum bæjarsjóðs árið 1999 en árið 1998, þrátt fyrir launahækkanir í landinu. Heildartekjur eru áætlaðar tæplega 229 milljónir króna. Þá vantar samkvæmt fjárhagsáætluninni liðlega 23 milljónir króna til að endar nái saman og munu þá skuldir bæjarsjóðs aukast sem því nemur.

Vegna fólksfækkunarinnar hefur fjölgað þeim íbúðum sem standa auðar og hafa því leigutekjur húsnæðisnefndar Bolungarvíkur dregist saman. Jafnframt eru umsvif og tekjur Bolungarvíkurhafnar mun minni en áður.

Rekstrargjöld sveitarfélagsins, svo sem launakostnaður, hafa jafnframt vaxið um leið og einstaklingar og fyrirtæki hafa fengið aukna og fjölbreyttari þjónustu af hálfu bæjarfélagsins. Þá verður ekki vikist undan föstum kostnaði, svo sem viðhaldi fasteigna, gatna, holræsa og vatnsveitu, ásamt því að endurnýja tækjabúnað stofnana bæjarins eftir því sem hann gengur úr sér.

Á síðustu árum hefur verið farið vandlega yfir rekstrarliði bæjarsjóðs og stofnana hans. Ljóst má vera, að ekki verður gengið öllu lengra í niðurskurði rekstrargjalda án þess að verulega sé dregið úr þjónustu, en það er hvorki vilji né stefna bæjarstjórnar Bolungarvíkur. Jafnframt er ljóst, að ekki er hægt að verða við öllum óskum um fjárveitingar. Þó verður reynt að koma til móts við óskir forstöðumanna, félagasamtaka, nefnda og ráða um viðhald og fjárfestingar svo sem kostur er, að teknu tilliti til hins þrönga fjárhags bæjarsjóðs.

Héraðsdómur Vestfjarða

Æsumálið þingfest

Mál Kolbrúnar Sverrisdóttur á Ísafirði vegna slyssins þegar skelveiðiskipið Æsa fórst á Arnarfirði (sbr. BB fyrir hálfum mánuði) verður væntanlega þingfest í Héraðsdómi Vestfjarða í næstu viku.

Dómsmálaráðherra hefur veitt Kolbrúnu gjafsókn í málinu, en það þýðir að ríkissjóður mun greiða kostnað hennar vegna málsóknarinnar.

KFÍ þokast upp stigatöfluna í úrvalsdeildinni í körfu

Stórleikur við bikarmeistarana á föstudaginn

KFÍ sigraði Þór frá Akureyri örugglega með 87 stigum gegn 71 í frestuðum leik á Torfnesi um síðustu helgi. Leiknar hafa verið sextán umferðir af tuttugu og tveimur í DHL-deildinni og er KFÍ með 20 stig að þeim loknum, hefur unnið tíu leiki og tapað sex. Liðið er nú í fimmta sæti af tólf og talsvert bil í næstu lið fyrir neðan.

Á föstudagskvöldið (12. febrúar) verður sannkallaður stórleikur á heimavelli KFÍ á Torfnesinu, en þá koma nýkrýndir bikarmeistarar Njarðvíkinga í heimsókn. Oft var þörf en nú er nauðsyn að Ísfólkið og aðrir stuðningsmenn KFÍ komi í Jakann og hvetji sína menn. Þá gefst líka fyrsta tækifærið til að sjá hinn nýja liðsmann KFÍ, enska landsliðsmanninn Ray Carter, í öllu sínu veldi.



Ísfirðingum gefst í fyrsta sinn tækifæri til að sjá Ray Carter, hinn nýja leikmann KFÍ, í leiknum við bikarmeistara Njarðvíkur nk. föstudagskvöld.

Í brúnni á hinu nýja frystiskipi Útgerðarfélagsins Marínu. Fremst situr Kristján Finnsson skipstjóri en einnig eru á myndinni Aðalsteinn Ómar Ásgeirsson útgerðarmaður, Auður Matthíasdóttir eiginkona hans og litla dóttirin Aðalheiður Kristín Aðalsteinsdóttir.

en flutt inn til Íslands fáum árum síðar.

Fljótlega verður skipt um nafn á skipinu en ekki er enn gefið upp hvert nýja nafnið verður. Sama áhöfn verður á skipinu og áður. Skipstjóri er Kristján Finnsson.

Frá kynningarfundi Samfylkingarinnar á Hótel Ísafirði.

Framboðsmál á Vestfjörðum

Listi Samfylkingarinnar tilbúinn

Framboðslisti Samfylkingarinnar á Vestfjörðum var kynntur á Ísafirði sl. sunnudag. Hann er þannig skipaður. 1. Sighvatur Björgvinsson, alþingismaður, Reykjavík. 2. Karl V. Matthíasson, sóknarprestur, Grundarfirði. 3. Sigríður Ragnarsdóttir, skólastjóri, Ísafirði. 4. Guðbrandur Stígur Ágústsson, skólastjóri, Patreksfirði. 5. Arnlín Óladóttir, vistfræðingur, Bjarnarfirði. 6. Anna Stefanía Einarsdóttir, verkakona, Patreksfirði. 7. Gylfi Þ. Gíslason, lögregluþjónn, Ísafirði. 8. Valdís Bára Kristjánsdóttir, formaður Verkalýðsfélagsins Brynju, Þingeyri. 9. Bryndís G. Friðgeirsdóttir, svæðisfulltrúi Rauða krossins, Ísafirði. 10. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, oddviti, Reykhólahreppi.

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf.

Morgunverðarfundir

Í næstu viku hefst röð morgunverðarfunda á vegum Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða hf. í samvinnu við Vesturferðir ehf. Á fundunum verða rædd ýmis mál, sem á einn eða annan hátt tengjast Vestfjörðum. Þegar hafa fjórir fundir verið ákveðnir en vel má vera að á milli þeirra verði aðrir fundir, gefist til þess tækifæri. Fundirnir hefjast kl. 8.15 að morgni og munu að jafnaði standa til kl. 9.30. Þeir sem þegar hafa verið ákveðnir verða allir á fimmtudögum.

Hinn 18. febrúar verður fundur á Hótel Ísafirði, þar sem Guðrún Guðmannsdóttir, viðskiptafræðingur og forstöðumaður Lífeyrissjóðs Vestfirðinga, fjallar um lífeyrissjóði, hlutabréf og peningamarkað. Guðbjörn Charlesson, umdæmisstjóri Flugmálastjórnar, mun ræða flugsamgöngur á Ísafirði og starfsemi Flugmálastjórnar á fundi á Ísafjarðarflugvelli 4. mars. 2000-vandinn svokallaði verður á dagskrá hjá Jóni Arnari Gestssyni hjá Snerpu á fundi á Hótel Ísafirði 18. mars.

Á fundi í Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík 8. apríl mun Þorleifur Eiríksson forstöðumaður og náttúrufræðingur fjalla um starfsemi Náttúrustofunnar og tengingu hennar við Þróunarsetur Vestfjarða.

Þeim sem hafa áhuga á því að sækja fundina og vilja fá fundarboð hverju sinni er bent á að skrá sig hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða. Nánari upplýsingar og skráning eru í síma 456 4780 og á heimasíðu AtVest, www.snerpa.is/atvest. Fundirnir eru öllum opnir og eru tilvalinn vettvangur umræðna um þróun atvinnu, menningar og mannlífs á Vestfjörðum.

ÚTSALA!

Síðustu dagar útsölunnar... ... enn lækkar verðið

vestursport

Sími 456 3602

Básafell hf. í Ísafjarðarbæ

Starfsmannafélag stofnað

Rúmlega 50 starfsmenn úr öllum deildum mættu á stofnfund Starfsmannafélags Básafells hf., sem haldinn var á Hótel Ísafirði 27. janúar. Tilgangur félagsins er að efla menningar- og fræðslustarf fyrir starfsmenn Básafells hf. og hafa hagsmuni þeirra ávallt að leiðarljósi.

Lilja Kristinsdóttir, sem vinnur í bókhaldsdeild Básafells, var kjörin fyrsti formaður, en aðrir í stjórn eru Bjarni Birgisson, Jóhanna Magnúsdóttir, Margrét Þórarinsdóttir og Vilhjálmur Matthíasson. Varastjórn skipa Agneiska Ambrosiac, Fríða Rúnarsdóttir, Gunnar Árnason, Hicham Helle og Ragnheiður Ágústsdóttir.

Frá stofnfundinum.

Skýrsla Guðjóns Petersens um eftirmál Flateyrarslyssins lögð fram

Mál festust í „stjórnarfarslegum seinagangi“

Skýrsla Guðjóns Petersens um eftirmál snjóflóðsins á Flateyri haustið 1995, dags. 27. janúar 1999, sem hann vann að tilhlutan bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, var lögð fram í bæjarráði 1. febrúar. Henni var síðan vísað til bæjarstjórnar til umfjöllunar og var hún tekin fyrir á bæjarstjórnarfundi sl. fimmtudag.

Þar var samþykkt einróma að fela fjögurra manna hópi fólks úr yfirstjórn Ísafjarðarbæjar „að fylgja eftir við hið opinbera, og aðra en málinu tengjast, þeim atriðum er varða frágang mála vegna snjóflóðsins á Flateyri 26. október 1995“. Þennan hóp skipa Ragnheiður Hákonardóttir, forseti bæjarstjórnar, Guðni Geir Jóhannesson, formaður bæjarráðs, Halldór Halldórsson, bæjarstjóri, og Sæmundur Kr. Þorvaldsson, fulltrúi minnihlutans í bæjarstjórn.

Í kafla í skýrslunni sem nefnist Væntingar og efndir segir Guðjón Petersen m.a.: „Sú samkennd sem Flateyringar fundu [...] skapaði væntingar sem rættust að hluta. En eftir því sem tíminn hefur liðið kemur í ljós, að einstök mál sem vænst var að leyst yrðu auðveldlega í kjölfar hamfaranna festust eða dagaði uppi í stjórnarfarslegum seinagangi, bæði heima fyrir og í stjórnsýslunni í Reykjavík. Er sérstaklega gagnrýnt hversu seint Flateyrarhreppur og síðan Ísafjarðarbær vinnur að því að leysa úr málum þeirra Flateyringa, sem urðu fyrir tjóni á eignum sínum... [...] Eru dæmi um að þessi seinagangur hafi valdið einstökum íbúum Flateyrar og öðrum þolendum snjóflóðsins fjárhags- og sálartjóni, til viðbótar þeim hörmungum sem þeir máttu annars þola af völdum snjóflóðsins. Hefur Flateyrarhreppur og síðan Ísafjarðarbær þó reynt að lina þennan fjárhagsvanda með því að fella niður opinber gjöld af þeim húseignum sem dregist hefur að bæta að fullu.“

Meðal þess sem „festist eða dagaði uppi í stjórnarfarslegum seinagangi“ nefnir Guðjón endurbyggingu þjónustustöðvar Esso á Flateyri. Hann rekur gang málsins og eindreginn vilja Olíufélagsins hf. til þess að koma sem allra fyrst upp á ný varanlegri aðstöðu á Flateyri. Guðjón segir síðan: „Það líður um heilt ár frá því að erindi er sent Skipulagi ríkisins, þar sem óskað er eftir umsögn um byggingu þjónustustöðvarinnar, þar til svar berst.“

Sveinbjörn Björnsson þjónustustjóri ásamt Ottó V. Winther forstöðumanni sölu- og þjónustusviðs Landssímans.

Þeir Guðbjartur Ásgeirsson skipstjóri og sr. Karl V. Matthíasson framjóðandi fyrir Samfylkingu voru á meðal gesta.

Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði

Síminn opnar þjónustumiðstöð

Landssími Íslands hf. opnaði á laugardag nýja verslun og þjónustumiðstöð á jarðhæð Stjórnsýsluhússins á Ísafirði.

Í þjónustumiðstöðinni verður í boði öll almenn símaþjónusta fyrir einstaklinga og fyrirtæki sem og þjónusta vegna reikninga og innheimtu. Þá hefur verslunin jafnframt til sölu allan símabúnað sem Landssíminn hefur á boðstólum. Afgreiðslutími þjónustumiðstöðvarinnar er frá kl. 9-18 virka daga og frá kl. 10-14 á laugardögum og er síminn 450 6000. Þrír starfsmenn vinna við þjónustumiðstöðina og veitir Sveinbjörn Björnsson henni forstöðu.

Fjölmenni var í kynningarhófi sem Landssíminn hélt á föstudag og voru meðfylgjandi myndir teknar við það tækifæri.

Þorgerður Einarsdóttir og Eyþór Bergmannsson starfsmenn þjónustumiðstöðvarinnar ásamt Sveinbirni.

Magni Guðmundsson framkvæmdastjóri Netagerðar Vestfjarða hf. skoðar hér símabúnaðinn í nýju versluninni.

Féð var spakt í körunum og virtist una sér þar hið besta.

Hraðfiskibáturinn Kristín Þórunn frá Þingeyri landaði níu kindum úr einum róðri

Eftirlegukindur sóttar á þorra

Fyrir skömmu lagði níu manna leiðangur upp frá Þingeyri á tveimur bátum til þess að huga að fé sem hafði legið eftir í haustleitum. Frumkvæðið að ferð þessari átti Helgi Árnason, bóndi á Alviðru í Dýrafirði. „Ég vissi af kindum sem við náðum ekki í haust. Þær voru uppi í klettum þar sem heitir Surtarbrandshilla. Ég var búinn að fara á bát af og til og fylgjast með hvort þær kæmu ekki á svæði þar sem hægt væri að komast nokkurn veginn að þeim, því að þarna er afar bratt og svellað og stórhættulegt að fara þar um. Það gerir ekki hver sem er. Það þurfti líka að vera sjólaust til að komast í land“, sagði Helgi í samtali við BB.

Nú var féð komið á Ytrihlíðar, en svo nefnist hlíðin milli Nesdals og Fjallaskaga. „Ég safnaði saman mannskap og við fórum níu saman á tveimur bátum. Tveir menn voru úr björgunarsveitinni á Þingeyri og fóru á slöngubáti sveitarinnar og síðan var Kristín Þórunn, hraðfiskibátur frá Þingeyri. Við sáum kindurnar hátt uppi innan til í hvilftinni á Ytrihlíðum, alveg upp undir klettum. Veður var mjög gott og stilltur sjór. Menn fóru í land og tókst að reka féð niður. Við rákum svo kindurnar inn að Fjallaskaga og

Komið úr róðri. Óvenjuleg löndun úr hraðfiskibátnum Kristínu Þórunni á Þingeyri. Við karið eru þeir Valdi á Sveinseyri og Brynjar, eigandi bátsins, en í slöngubátnum er Bjarki björgunarsveitarmaður á Þingeyri.

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI
456 3940 & 456 3244 • Fax: 456 4547 • Netfang: tryggvi@snerpa.is

Fasteignaviðskipti

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

Einbýlishús / raðhús

Fagraholt 5: 140,6 m² einbýlishús á einni hæð í mjög góðu standi ásamt **bílskúr. Áhv. ca. 4,7 millj. Verð kr. 11,500,000,-**
Gouholt 1: 142 m² einbýlishús í góðu standi á einni hæð ásamt **bílskúr. Áhv. ca. 5,8 millj.. Verð kr. 11,600,000,-**
Gouholt 3: 140,7 m² einbýlishús á einni hæð ásamt **bílskúr. Möguleg skipti á minni eign. Áhv. ca. 2,7 millj. Laust strax Verð kr. 12,000,000,-**
Hafraholt 22: 144,4 m² enda raðhús á tveimur hæðum ásamt **22,4 m² bílskúr. Áhv. ca. 2,5 millj. Verð kr. 9,500,000,-**
Heiðarbraut 6: 133,3 m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. **Skipti á eign á Ísafirði möguleg**
Verð kr. 10,700,000,-
Hjallavegur 4: 242 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt **bílskúr. Fallegt útsýni. Tilboð óskast.**
Hjallavegur 19: 242 m² einb.-hús á 2 hæðum ásamt **innbyggðum bílskúr. Sér íbúð á n.h. Ymis skipti möguleg. Áhv. ca. 5 millj.**
Verð kr. 10,500,000,-
Hlíðarvegur 14: 170,8 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt risi. **Húsið er mikið endurnýjað, ekkert áhvílandi Verð kr. 10,500,000,-**
Hlíðarvegur 31: 130 m² einb.-hús á 2 hæðum **ásamt bílskúr. Húsið er nær allt uppgert að utan sem innan. Mjög gott útsýni. Verð kr. 10,700,000,-**
Hnífsdalsvegur 1: 255,1 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt **innbyggðum bílskúr. Áhv. ca. 3,6 millj.**
Verð kr. 12,500,000,-
Seljalandsvegur 12: 145,1 m² einbýlishús á þremur hæðum ásamt eignarlóð. **Áhv. ca. 1,8 millj. Verð kr. 7,500,000,-**
Silfurgata 9: 150 m² gamalt einbýlishús á tveimur hæðum ásamt geymsluskúr og eignarlóð. **Góð staðsetning. Áhv. ca. 2,6 millj. – 6,9**
Verð kr. 6,900,000,-
Skólavegur 1: 62,8 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara og þurrkhjalli. **Áhv. ca. 3 millj. Verð kr. 3,700,000,-**
Stakkanes 6: 144,2 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Skipti á minni eign möguleg. **Áhv. ca. 3,4 millj.**
Verð kr. 10,900,000,-
Sunnuholt 6: 231,7 m² rúmgott einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Skipti á minni eign koma til greina.
Verð kr. 13,500,000,-
Tangagata 15b: 103 m² einb.hús á 2 hæðum ásamt geymsluskúr (nýtist sem her-bergi). **Laust fljótl. Áhv. ca. 3,3 millj. Verð kr. 6,200,000,-**
Urðarvegur 26: 236.9 m² raðhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. **Ekkert áhvílandi Verð kr. 11,800,000,-**

4-6 herbergja íbúðir

Fjarðarstræti 4: 120 m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi. **Skipti á minni eign möguleg Verð kr. 6,500,000,-**
Fjarðarstræti 38: 130 m² 4ra herb. íbúð á tveimur hæðum í þríbýlishúsi. **Áhv. ca. 3,4 millj. Möguleiki á lánum að fjárhæð 4,9 millj. Verð kr. 7,000,000,-**
Seljalandsv. 20: 161,2 m² 5-6 herb. íbúð á efri hæð í tvíb.húsi ásamt bílskúr. Íbúðin mikið uppgerð. **Áhv. ca. 5,2 millj. Verð kr. 10,700,000,-**
Tangagata 8a: 106,5 m² 4-5 herbergja íbúð á þremur hæðum **Tilboð óskast.**

3ja herbergja íbúðir

Aðalstræti 20: 98 m² íbúð á 2. hæð t.h. í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. **Áhv. ca. 4,2 millj.**

Stórholt 9:
80,9 m² góð íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi ásamt **sér geymslu** og sameign.
Áhv. ca. 2,4 millj. Verð kr. 5,300,000,-

Verð kr. 7,200,000,-
Brunngata 12a: 68 m² íbúð á efri hæð, að hluta undir risi, í tvíb.húsi ásamt **sér geymslu**. **Áhv. ca. 1,8 millj.**
Verð kr. 3,000,000,-
Fjarðarstræti 13: 80 m² íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi. Tvö **aukaherbergi**, eitt í kjallara og eitt í risi. **Áhv. ca. 1,5 millj.**
Verð kr. 5,700,000,-
Stórholt 7: 74,6 m² íbúð á 3ju hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi ásamt **sér geymslu. Áhv. ca. 2 millj. Verð kr. 5,300,000,-**
Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3ju hæð til hægri í fjölbýlishúsi ásamt **sér geymslu. Áhv. ca. 3 millj. Verð kr. 6,000,000,-**

2ja herbergja íbúðir

Hlíðarvegur 18: 64,5 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Áhv. ca. 1,7 millj. Tilboð óskast**
Túngata 18: 53,4 m² íbúð á 1. hæð í nýlega uppgerðu fjölbýlishúsi ásamt **sér geymslu. Verð kr. 4,9000,000,-**
Túngata 18: 53,4 m² íbúð á jarðhæð í nýlega uppgerðu fjölbýlishúsi ásamt **sér geymslu**
Verð kr. 4,300,000,-
Túngata 20: 53,4 m² íbúð á 3. hæð í fjölb.húsi í **góðu standi. Húsið nýlega gert upp að utan. Áhv. ca. 2 millj.**
Verð kr. 4,900,000,-
Urðarvegur 78: 73,2 m² íbúð á 3ju hæð f.m. í fjölb.húsi ásamt sér geymslu. **Íbúðin er laus strax. Áhv. ca. 2,7 milj. Öll tilboð skoðuð.**
Verð kr. 5,000,000,-

Þingeyri

Aðalstræti 29: 105,6 m² gamalt einbýlishús á tveimur hæðum ásamt **bílskúr og mjög stórri lóð Tilboð óskast.**

Suðureyri

Túngata 12: 140 m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. **Húsið er laust strax Verð kr.4,500,000,-**

Hjónavígsla í Stjórnsýsluhúsinu

Brúðarmars og kampavín

Brúðhjónin, Valgerður Guðrún Torfadóttir og Smári Helgason skála í kampavíni.

Sambýlisfólkið Valgerður Guðrún Torfadóttir frá Sólbakka í Önundarfirði, sem vinnur í Bakkaskjóli í Hnífsdal, og Smári Helgason, þjónn hjá SKG-Veitingum á Ísafirði, brugðu sér á sýsluskrifstofuna á Ísafirði í síðustu viku og létu pússa sig saman í hjónaband. Þau hafa fram til þessa „lifað saman í synd“ um nokkurra ára skeið. Þau eiga saman þriggja ára dóttur, Evu Lind, og fósturson, Kristófer Loga Árnason.

Þegar þau komu nývígð út frá sýslumanni í Stjórnsýsluhúsinu áttu þau sér „einskis ills von“ eins og sagt er og áttu reyndar víst ekki von á neinu sérstöku, hvorki vondu né góðu. En svo fór, að þegar þau komu út úr lyftunni á fyrstu hæð tóku á móti þeim vinir og samstarfsfólk með brúðarmars á segulbandi og kampavín til þess að skála í. Líklega er Smári öllu vanari að skenkja á glös fyrir annað fólk og raunar fór hann til Reykjavíkur um helgina til að keppa í hinni árlegu barþjónakeppni.

Vinir og samstarfsfólk hjónanna færa þeim árnaðaróskir.

Helgi Árnason, bóndi á Alviðru, í þann veginn að taka fé sitt í bílinn til flutnings heim.

tókum þær um borð í fjörunni innan við slysavarnaskýlið. Þetta gekk allt ljómandi vel. Við settum kindurnar í fiskikör og það fór mjög vel um þær þar. Síðan sáum við eina kind á öðrum stað, á Þúfunni innan við Nesdal, rétt innan við Barðann. En það var að styttast í myrkur og of langt til þess að við gætum átt við að ná henni. Það væri kjörið fyrir einhverja björgunarsveitargarpa að fara í æfingaferð og reyna að ná kindinni.

Við héldum aftur til Þingeyrar og körin voru hífð upp á bryggjuna. Féð var mjög vel á sig komið, enda var enginn snjór kominn þarna og nóg beit. Þetta voru níu kindur, þar af tvær veturgamlar ær og þrjú lömb frá mér, þrjú lömb frá Ómari á Ketilseyri og ein ær í eigu Guðmundar Ágústssonar á Sæbóli.

Að ná fénu saman er eitt af því sem er að verða til vandræða í sveitum þegar fólkinu fækkar, því að erfitt er að fá nógan mannskap í smalamennskur. Auk þess er það svæði sem hér um ræðir að verða nokkurs konar einskis manns land þegar göngur eru annars vegar“, sagði Helgi á Alviðru.

Lokað yfir á Ingjaldssand hálft árið

Vélsleði í staðinn fyrir snjómokstur

Ingjaldssandur er á meðal afskekktustu og fámennustu byggðarlaga landsins. Vegurinn þangað er ófær vegna snjóa frá fimm og upp í sjö mánuði ársins. Tvö býli eru nú eftir í byggð þar í sveit, Sæból II og Sæból III. Þar eiga heima samtals fimm manns og eru áttatíu ár á milli þess yngsta og elsta. Á Sæbóli II búa þau Elísabet Pétursdóttir og Erik Engholm ásamt barni sínu á fyrsta ári. Þau hafa um 160 fjár og minkabú með um hundrað dýrum. Tveir bræður búa á Sæbóli III með um tvö hundruð fjár, þeir Guðmundur og Guðni Ágústssynir. Þeir eru orðnir nokkuð við aldur, Guðni liðlega hálfáttræður en Guðmundur er kominn rétt yfir áttrætt.

Erik Engholm hefur leitað til yfirvalda eftir fjárstuðningi til kaupa á vélsleða til þess að íbúar á Ingjaldssandi geti komist til annarra byggða yfir veturinn og hefur hann fengið vilyrði fyrir nokkrum styrk í því skyni. „Það þjónar engum tilgangi að vera að reyna að opna leiðina hingað yfir veturinn og litið er svo á að þessi styrkur komi í staðinn fyrir kostnað við snjómokstur. Við erum hins vegar ekki búin að afla peninga til að fjármagna það sem á vantar“, sagði Elísabet Pétursdóttir í samtali við BB. Helsti rökstuðningur Eriks fyrir beiðni um fjárstuðning til samgangna er aldur og heilsufar nábúanna og tilkoma ungbarns í þessu afskekkta samfélagi.

Á sumrin er talsverður straumur ferðafólks á Ingjaldssand og hefur handverk Elísabetar vakið mikla athygli.

„Í því efni stendur mér einna helst fyrir þrifum, að ég er með þetta inni í ganginum hjá mér og ókunnugir veigra sér við að banka upp á. Þeir halda að þeir séu að vaða inn á okkur og valda ónæði“, segir Elísabet.

Símavinningar á körfuboltaleik

Í tilefni af opnun verslunar sinnar og þjónustumiðstöðvar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði efndi Landssíminn til happdrættis á leik KFÍ og Þórs í körfubolta á Torfnesi sl. föstudagskvöld. Aðgöngumiðar að leiknum giltu jafnframt sem happdrættismiðar og voru vinningarnir GSM-sími og þráðlaus sími. Á myndinni er Guðmundur Hjaltason í framkvæmdanefnd KFÍ að afhenda hinum heppnu vinningana, þeim Kristínu Ásgeirsdóttur og Rúnari Erni Rafnssyni.

Ísafjarðarhöfn

Íkveikja og önnur skemmdarverk

Veruleg skemmdarverk hafa verið unnin á eina almenningsklósettinu á Ísafirði. Þar var kveikt í en eldurinn slokknaði af sjálfu sér áður en hann breiddist út og má það teljast mildi að ekki varð úr stórbruni. Veggklæðing er ónýt, rafmagnsofn ónýtur og gluggakarmur skemmdur.

Klósett þetta er í húsakynnum Ísafjarðarhafnar. Það sama virðist gilda um almenningklósett og almenningssíma, að hvorugt fær að vera í friði. Fleiri vistarverur Ísafjarðarhafnar, eins og klefi þar sem vatnsslöngur eru geymdar, hafa verið notaðar sem eins konar félagsheimili unglinga og hafa einnig þar verið unnin umtalsverð spjöll.

Til þess að stemma stigu við þessum ófögnuði og

hafa hendur í hári þeirra sem framvegis vinna skemmdarverk í húsakynnum hafnarinnar hefur verið komið upp földum myndavélum, að sögn hafnarstjóra. Ekki mun að vísu ætlunin að fylgjast mjög náið með athöfnum fólks á salerninu, heldur að henda reiður á mannaferðum.

Á línunni hjá Hlyni Þór

Sverrir Hermannsson formaður Frjálslynda flokksins

Mig langar vestur!

Hvað er að frétta af framboðsmálum hér vestra, á fornum heimavelli þínum og ykkar Ögurvíkinga?

Ekkert er afráðið ennþá. Vestfirðir eru vissulega kjördæmi sem við höfum mikinn áhuga á. Við erum byrjaðir að koma á fót félögum í hverju kjördæmi. Það fyrsta var stofnað á Reykjanesi í síðustu viku og síðan verður stofnað félag í Reykjavík í þessari viku. Svo legg ég fljótlega land undir fót. Fyrst til Norðurlands vestra og síðar kem ég við á Vestfjörðum. Raunar höfum við nú ekki sérstakar áhyggjur af Vestfjörðum. Við munum áreiðanlega bjóða Vestfirðingum upp á frambærilega kandídata. Við leggjum alla áherslu á að ná ungu fólki með og leggjum ekki síður áherslu á jafnræði kynjanna í framboðinu.

Við ætlum ekki að heyja eiginlega kosningabaráttu nema síðasta mánuðinn eða svo. Það borgar sig ekki að byrja of snemma. Auk þess erum við ekki með neina fjársjóði að spila úr eins og nútíma kosningabarátta krefst víst. Við verðum bara að beita mest handaflinu.

Ég ætla að koma þessu á fætur en svo verður yngra fólk að taka við. Gáðu að einu: Hverju hafa Vestfirðingar að tapa? Ætla þeir að senda þau skilaboð til höfuðstöðva ríkisstjórnarvaldsins, með því að kjósa alveg eins og áður, að allt sé í lagi? Ef þeir kjósa eins og áður, þá eru þeir að því. Og það stendur varla til hjá Vestfirðingum, eins og ástandið er orðið, þegar eignirnar þeirra eru að verða einskis virði.

Hvað með sjálfan þig, Sverrir? Það hefur heyrst en ekki fengist staðfest, mér vitanlega, að þú munir leiða flokk þinn í stærsta kjördæminu. Aftur á móti heyrist að ýmsa hér langi til að fá þig vestur, enda myndi það óneitanlega lífga mjög upp á kosningabaráttuna...

Ég staðfesti ekkert enn sem komið er, en ég get ekki neitað því að mig dauðlangar vestur!

„Ég bið engan að kjósa mig“

– segir Magnús Reynir Guðmundsson, fyrrum bæjarritari á Ísafirði, en á laugardaginn ræðst hver skipar efsta sætið á framboðslista Framsóknarflokksins á Vestfjörðum

Á kjördæmisþingi Framsóknarflokksins í Vestfjarðakjördæmi, sem haldið verður á laugardaginn, verður gengið frá skipan framboðslista flokksins á Vestfjörðum til Alþingis. Gunnlaugur M. Sigmundsson alþingismaður gefur ekki kost á sér til þingsetu áfram. Tekist er á um arftaka hans í efsta sæti á lista Framsóknar. Þar eru tveir kallaðir en annar verður útvalinn, Kristinn H. Gunnarsson eða Magnús Reynir Guðmundsson. Uppstillingarnefnd hefur verið að störfum og leggur hún tillögu að skipan listans fyrir kjördæmisþingið, sem hefur endanlegt vald í þessu efni. Nefndin er klofin varðandi skipan efsta sætisins; sumir mæla með Kristni H. en aðrir með Magnúsi Reyni. Fróðlegt verður að fylgjast með störfum kjördæmisþingsins, því að fullvíst er að tillaga meirihluta uppstillingarnefndar verður ekki samþykkt orðalaust. Búast má við spennandi talningu atkvæða á þinginu og fer því fjarri að neitt sé hægt að fullyrða um niðurstöðuna.

Magnús Reynir Guðmundsson var lengi áberandi í bæjarlífinu á Ísafirði en hin síðari árin hefur hann haldið sig meira til hlés. Í tvo áratugi eða svo var hann bæjarritari Ísafjarðarkaupstaðar og staðgengill bæjarstjóra og fyrir daga Svæðisútvarps var hann lengi tíðindamaður Ríkisútvarpsins hér vestra. Hann hefur starfað mikið að málefnum þeirra sem minna mega sín í samfélaginu og var formaður Svæðisstjórnar málefna fatlaðra á Vestfjörðum á annan áratug. Hann hefur lengi verið framsóknarmaður, var á sínum tíma varaþingmaður flokksins á Vestfjörðum og tók þá nokkrum sinnum sæti á Alþingi. Seinni árin hefur Magnús Reynir blandað sér minna í pólitík en áður fyrr. Í byrjun síðustu viku greindi hann í fyrsta skipti frá því opinberlega í samtali við Bæjarins besta, að hann hefði fallist á tilmæli margra flokkssystkina sinna að gefa kost á sér í efsta sætið á lista Framsóknarflokksins í þingkosningunum í vor. Þau tíðindi virtust koma ýmsum á óvart, enda þótt aðdragandinn hafi verið nokkuð langur.

Bæjarins besta leitaði til Magnúsar Reynis og spurði hann út í framboðsmálin og sitthvað fleira.

Fyrstu málaleitanir síðastliðið haust

„Ég hef verið lengi í Framsóknarflokknum, bæði viðloðandi bæjarmál á Ísafirði og einnig verið varamaður kjörinna þingmanna flokksins, þeirra Steingríms Hermannssonar og Ólafs Þ. Þórðarsonar heitins. Í haust leituðu til mín menn úr flokknum og báðu mig að gefa kost á mér í framboð til þings. Ég svaraði því neitandi að því sinni. Nokkru eftir áramótin kom síðan til mín sendinefnd og lagði mjög hart að mér að gefa kost á mér í efsta sæti á lista Framsóknarflokksins á Vestfjörðum, því að grunur léki á því að Gunnlaugur M. Sigmundsson myndi ekki bjóða sig fram á ný. Þessir menn tjáðu mér að Kristinn H. Gunnarsson sækti það fast að verða í fyrsta sæti á lista Framsóknarflokksins en þeim litist ekki á að hann leiddi framboð flokksins við þessar kosningar, þótt ágætur maður sé. Ég tók mér nokkuð góðan umhugsunarfrest og svaraði síðan að ég skyldi gera þetta, ekki síst vegna þess að þeir sögðust hafa leitað með logandi ljósi að manni heiman úr héraði til þess að vera í forsvari en ekki fundið neinn vænlegri en mig. Þeir nefndu jafnframt, að þeir hefðu talsverðan stuðning í þessu máli og leituðust við að sannfæra mig um það, að ég nyti nokkurs álits, einkum á Ísafjarðarsvæðinu þar sem fólk þekkir mig, ekki síst af verkum mínum. Ég var um tvo áratugi bæjarritari á Ísafirði og hef allmikla reynslu af ýmsum störfum þar fyrir utan, bæði í sjálfboðavinnu í félagsmálum og á almennum vinnumarkaði.“

Bið engan að kjósa mig

„Ég féllst því á að láta slag standa og gefa kost á mér í framboð. Nú á síðan eftir að koma í ljós hvort kjördæmisþingið ákveður að bjóða mig fram. Það er einhvern veginn hugboð mitt, að ég hafi meira fylgi hjá hinum almenna kjósenda en því fólki sem raðar niður á listann. Hins vegar bið ég engan að kjósa mig. Ég hef ákveðið að ganga ekki fyrir fólk og biðja það að kjósa mig. Það verður einfaldlega að meta sjálft hvort það telur mig heppilegan kost.“

Gagnrýnin á Steingrím Hermannsson

– Á sínum tíma vakti það athygli, þegar þú gagnrýndir opinberlega Steingrím Hermannsson, þáverandi formann Framsóknarflokksins, eftir að hann hætti sem þingmaður Vestfirðinga og fór í framboð syðra. Heldur þú að sú gagnrýni sitji í einhverjum?

„Ég veit það ekki. Venjulega fyrnist nokkuð fljótt yfir atburði, jafnvel í pólitík. Ég tel að gagnrýni mín á Steingrím hafi verið fullkomlega réttmæt. Mér fannst kjördæmið setja niður þegar hann hvarf af vettvangi sem þingmaður Vestfjarða. Hann var forsætisráðherra og mikill áhrifamaður í íslenskum stjórnmálum. Og þegar hann hætti að vera jafnframt þingmaður okkar Vestfirðinga, þá misstum við afar sterkt vopn og möguleika til þess að ná fram góðum málum. Hann bauð sig fram í Reykjaneskjördæmi og skildi okkur eftir hér á köldum klaka, ef svo má að orði komast. Ég gat engan veginn fallist á rök hans í því máli. Að mínum dómi hefði Steingrímur átt að gera það sama og til dæmis flokksformennirnir Margrét Frímannsdóttir og Sighvatur Björgvinsson gera núna, að bjóða sig fram í sínum eigin kjördæmum. Það kunna íbúar viðkomandi kjördæma að meta.“

– Þú nefndir að flokksmenn hefðu komið að máli við þig í haust varðandi framboð. Sú spurning hlýtur að vakna, hvort menn hafi þá verið að vinna að því á bak við tjöldin að Gunnlaugur héldi ekki áfram sem þingmaður Vestfirðinga...

„Ég get ekki dæmt um það. Gunnlaugur hefur sjálfur sagt að þingmennskan ætti ekki mjög vel við hann. Menn verða að sjálfsögðu að virða það. Ég held að vísu að meginástæðan fyrir því að leitað var til mín hafi ekki verið sú, að menn vildu að Gunnlaugur hætti. En ef til vill hafa einhverjir haft rökstuddan grun um að hann ætlaði að hætta.“

Frammistaða Vestfjarðaþingmanna

– Hvernig finnst þér Gunnlaugur hafa staðið sig sem þingmaður Vestfirðinga?

„Mér finnst hann svo sem ekki hafa staðið sig neitt verr en aðrir þingmenn Vestfirðinga. Mér finnst hann á svipuðu róli og hinir hvað það snertir. Að mínum dómi hafa þingmenn Vestfirðinga staðið sig frekar illa á því kjörtímabili sem nú er senn að ljúka. Að vísu má segja, að aðstæður þeirra séu erfiðari en oft áður. Ríkisstjórnin hefur mikinn þingmeirihluta á bak við sig og við slíkar aðstæður er vægi hvers þingmanns ekki eins mikið og ella væri. En hvað sem því líður, þá finnst mér að þingmenn okkar hefðu mátt standa sig betur.“

– Hvernig spáir þú fyrir Vinstri hreyfingunni – grænu framboði, bæði á landsvísu og hér vestra?

„Ég hygg að þetta framboð fái nokkurt fylgi í Reykjavík og í Reykjaneskjördæmi. Annars staðar hygg ég að fylgi þess verði lítið. Málefni þess eru vissulega góð. Umhverfismálin munu vega mjög þungt í komandi alþingiskosningum, enda eru menn farnir að gefa þeim meiri gaum en áður, sem betur fer.“

Breytingar á skipan kjördæma

– Telur þú að fyrirhuguð breyting á íslenskri kjördæmaskipan, þar sem Vestfirðir eiga að verða aðeins lítill hluti af geysivíðlendu kjördæmi allt frá Hvalfirði og norður á Skagatá, verði jákvæð eða neikvæð fyrir Vestfirðinga?

„Ég tel þá breytingu neikvæða, en vil þó taka fram, að ástæðurnar fyrir væntanlegri kjördæmabreytingu eru skiljanlegar. Mér finnst það

líka óheppilegt ef menn ætla í einhverjum tilvikum að fara að kljúfa núverandi kjördæmi. En verst þykir mér að þróunin skuli hafa verið í þá átt, að menn skuli telja þessar kjördæmabreytingar nauðsynlegar. Síðan blasir við, að Vestfirðingar verða í framtíðinni á sama bás og bændur í Borgarfjarðardölum, svo dæmi sé tekið. Ég fæ ekki betur séð en hagsmunir þessara svæða fari afskaplega lítið saman."

Er einhver framtíð á Vestfjörðum?

– Eiga Vestfirðingar einhverja framtíð á Vestfjörðum? Eiga vestfirskar byggðir yfirleitt einhverja framtíð á nýrri öld?

„Það er von að spurt sé, hvort einhver framtíð sé í hinum dreifðu byggðum Íslands. Það fer eftir því hvernig á málum verður haldið. Vissulega eru alls staðar einhverjir möguleikar. Ef samgöngur eru í góðu horfi, þá tel ég ekki skipta meginmáli hvar fólk velur sér búsetu. En það virðist vera ýmislegt fleira en t.d. atvinnuástand sem ræður búsetunni. Víða hefur atvinnuástand verið gott á þeim svæðum þar sem fólki hefur fækkað, jafnvel fækkað mjög mikið. Ég hef verulegar áhyggjur af þessari þróun. Það þarf að gera víðtæka könnun á ástæðum þess að fólk flyst til Reykjavíkursvæðisins og finna hver undirrótin er. Þó koma tímabil þegar fólk ákveður að prófa búsetu annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu. Ef til vill verður það í tísku eftir einhvern tíma að búa úti á landi. En þróunin í heild hefur verið afskaplega hættuleg og sum svæði standa þannig núna, sýnist mér, að ekkert má út af bera til þess að ekki verði landauðn. Þetta er alls ekki bundið við Vestfirðina. Við getum ekki síður litið til byggðanna á sunnanverðum Austfjörðum, til Stöðvarfjarðar, Breiðdalsvíkur og Djúpavogs, sem margir telja þó að ýmsu leyti betur í sveit settar en Vestfirðina. Eða þá til byggðanna á norðausturhorni landsins. Þetta er afar dapurleg þróun. Það eitt, að bygging íbúðarhúsnæðis er naumast á dagskrá nokkurs staðar úti um land, sýnir okkur glöggt hver staðan er."

Ættarslóðirnar, eyðibyggðirnar norðan Djúps

– Nú átt þú uppruna þinn norðan Djúps, þar sem byggðir eru löngu komnar í auðn...

„Já, ég er úr Sléttuhreppi en fluttist þaðan á þriðja ári. Móðir mín er frá Sæbóli í Aðalvík og faðir minn frá Hesteyri í Jökulfjörðum. Þau bjuggu á Hesteyri þegar ég fæddist. Ég hef vissulega fylgst með þeirri umræðu sem orðið hefur í framhaldi af eyðingu byggðar á þessu svæði. Hún er innprentuð í mig. En það er alveg ljóst, að aðstæður í Sléttuhreppi voru alls ekki þannig að byggð gæti þróast þar áfram í samræmi við kröfur nútímans, því miður. Við verðum einfaldlega að viðurkenna þá staðreynd. Sléttuhreppur fór í eyði árið 1952 og Grunnavíkurhreppur árið 1962. Ég held að byggðirnar þar hafi ekki átt sér neina framtíðarvon samkvæmt þeim kröfum sem þá var farið að gera til mannlífsins. En vissulega er skemmtilegt að koma norður á ættarslóðirnar á sumrin. Það villir nú stundum fyrir fólki að koma þarna í sumarblíðu. Það er ótrúlegt hvað fólk hefur lagt á sig og hvað það hefur orðið að vera hart og duglegt til þess að geta lifað á þessu svæði."

Að byrja upp á nýtt eins og landnemar

– Getur þú túlkað að einhverju leyti tilfinningar þíns fólks og annarra sem þurftu að yfirgefa bú sín og lendur norðan Djúps á sínum tíma?

„Þær tilfinningar eru óskaplega sárar. Fólkið fór frá eigum sínum í langflestum tilvikum. Það skildi eftir húsin sín og það skildi líka eftir ljúfar minningar um blómlegt mannlíf. Maður verður þess oft var, hversu mjög þetta fólk saknar gömlu daganna, hversu mjög það saknar gömlu sveitarinnar sinnar. Það er mikil samheldni með þessu fólki. Átthagafélögin sýna okkur það best. Þegar fólkið hittist er það eins og ein stór fjölskylda. Já, þetta eru ljúfsárar minningar. Fólkið fór nær allslaust úr þessum byggðum og varð að byrja nýtt líf með tvær hendur tómar eins og landnemar, hvort heldur var á Ísafirði, í Reykjavík, á Suðurnesjum eða annars staðar. Það hafa orðið mjög róttækar breytingar á íslensku þjóðlífi og hætt er við að svo verði áfram. Þess vegna er ákaflega mikilvægt að fylgjast með þróuninni, bregðast við henni og nýta þá möguleika sem kunna að bjóðast. Fólk verður stöðugt að breyta til – ekki breytinganna vegna, heldur einfaldlega til að lifa af."

Varla lesið bæjardagskrána seinni árin

– Hefur þú tekið nokkurn þátt í pólitísku starfi á seinni árum, svo heitið geti? Hefur þú ekki mest setið álengdar?

„Jú, ég hef að mestu haldið mig álengdar í þeim efnum. Þegar ég hætti sem bæjarritari söðlaði ég um og fór að sinna atvinnulífinu. Ég var framkvæmdastjóri Togaraútgerðar Ísafjarðar hf. þangað til hún sameinaðist þremur öðrum fyrirtækjum undir nafni Básafells. Síðan hef ég verið viðloðandi útgerðarfélagið Gunnvöru hf. á Ísafirði og hef verið stjórnarformaður þess í nokkur ár. Einnig var ég til skamms tíma stjórnarformaður Íshúsfélags Ísfirðinga hf. Hjá þessum fyrirtækjum hef ég unnið með ákaflega góðu fólki. Það hefur jafnan verið gæfa mín að hafa gott samband við fólk og ná vel til þeirra sem ég hef starfað með. Fyrir það er ég þakklátur. En ég hef vissulega lítið skipt mér af pólitík seinni árin. Varla að ég hafi lesið bæjardagskrána og hefði ég í eina tíð varla trúað að ég ætti eftir að hætta að sökkva mér niður í hana."

Varaþingmaður

– Þú komst oftar en einu sinni sem varamaður inn á þing. Á hvaða árum var það?

„Nú ferðu illa með mig. Þú mátt ekki spyrja svona!"

Þegar flett er upp í Alþingismannatali kemur í ljós, að Magnús Reynir tók þrívegis sæti á Alþingi á árunum 1983-1986.

– Hvernig fannst þér að koma inn á þing? Var það mjög frábrugðið því sem þú bjóst við?

„Nei, það var mjög svipað og ég hafði gert mér í hugarlund. Þarna eru mál unnin annars staðar en í þingsal. Þau eru unnin í nefndum og þingflokkum. Og í dentíð var fleira en sjálf þingmálin afgreitt þar, svo sem ráðningar bankastjóra og svo framvegis."

Tímarnir breytast ótrúlega hratt

– Nú hefur þú starfað mikið að málefnum fatlaðra. Þar hafa tímarnir breyst eins og annað í samfélaginu...

„Já, ég var formaður Svæðisstjórnar málefna fatlaðra á Vestfjörðum og í forsvari fyrir byggingu Bræðratungu og starfseminni þar í tólf ár. Síðan er mikið vatn runnið til sjávar og nú er farið að tala um að loka þessum heimilum sem byggð voru á sínum tíma. Það sýnir hversu fljótt tímarnir og tíðarandinn breytast. Þetta markaði á sínum tíma þáttaskil í málefnum fatlaðra úti á landi."

Í góðra vina hópi

Magnús Reynir kveðst hvorki vera golfleikari né sérstakur skíðamaður, þótt Ísfirðingur sé. Hins vegar hefur hann um langt árabil leikið badminton með völdum hópi manna. Einn af félögum hans þar var Einar Valur Kristjánsson heitinn, yfirkennari á Ísafirði, sem var jafnvígur á flestar greinir íþrótta til líkama og sálar, líkt og Rögnvaldur jarl kali forðum. Einar Valur spilaði brids af sérstakri snilld og tefldi skák, var skíðamaður og knattspyrnumaður með afbrigðum á yngri árum, ágætur golfleikari og þannig mætti lengur telja. Af öðrum félögum Magnúsar Reynis í badmintonleik má nefna Björn Helgason íþróttafulltrúa, Tryggva Guðmundsson lögfræðing og Tryggva Sigtryggsson framhaldsskólakennara. Magnús Reynir þvertekur fyrir að hann spili brids, en Hlynur Tryggvi sonur hans hefur getið sér gott orð á því sviði og keppt í þeirri íþrótt fyrir Íslands hönd á erlendri grund.

Vopnaviðskipti og leikslok

En hvað sem líður badminton og bridsi, skíðum og skák, þá er smátt og smátt að færast fjör í þá kappleika sem haldnir eru á fjögurra ára fresti eins og Ólympíuleikarnir – þingkosningar á Íslandi. Og spennan vex. Fyrst er tekist á innan stjórnmálaflokka líkt og þegar haldin eru úrtökumót til að velja í landslið. Síðan takast flokkarnir sjálfir á – landsliðin.

Það verður fróðlegt og spennandi að fylgjast með bæði vopnaviðskiptum og leikslokum á kjördæmisþingi Framsóknar á Vestfjörðum á laugardaginn.

ÍSAFJARÐARBÆR

ÍSAFJARÐARBÆR AUGLÝSIR

Ísafjarðarbær auglýsir hér með eftir kauptilboðum í eftirtaldar húseignir á Flateyri: **Goðatún 14. Ólafstún 4, 6, 7 og 9. Sólbakki 6. Unnarstígur 4.** Eignirnar seljast í núverandi ástandi og er sala eignanna háð samþykki Ofanflóðasjóðs.

Tilboðum ber að skila skriflega á skrifstofu Ísafjarðarbæjar ekki síðar en mánudaginn 21. febrúar nk.

Allar frekari upplýsingar eru veittar á bæjarskrifstofu á Ísafirði, sími 456 3722.

Bæjarstjórinn í Ísafjarðarbæ.

Auglýsingar og áskrift
sími 456 4560

Framsókn....

Enn berast tíðindi af Framsóknarflokknum á Vestfjörðum. Nú er verið að stilla upp. Ekki er um neitt prófkjör að ræða hjá neinum flokki á Vestfjörðum. Handaflið eitt er látið duga. Vonandi er það ekki vegna þess að stjórnmálamenn baksviðsins í kjördæminu telji að kjósendum hafi fækkað svo mjög, að engu skipti þótt nokkrir fámennir hópar raði á listana. Að vísu er prófkjör ekki gallalust fremur en önnur mannanna verk.

Nú mun uppstillingarnefnd framsóknar vera búin að bretta upp ermarnar. Gunnlaugur Sigmundsson hefur gert upp hug sinn. Önnur störf en þingmennskan eru honum hugleiknari. Honum þótti gaman að tala við kjósendur en ekkert fjör var í störfum Alþingis. Það sem meira er Gunnlaugur er hættur við að velja sér eftirmann á fertugsaldri eða yngri.

Þau tíðindi hafa gerst, að Magnús Reynir Guðmundsson fyrrum bæjarritari á Ísafirði og varaþingmaður hefur látið uppi áhuga sinn á því að verða þingmaður Framsóknarflokksins.

....og Kristinn H. Gunnarsson

Enn er Kristinn H. Gunnarsson á uppleið. Uppstillingarnefndin hefur ákveðið að láta hann leiða listann og vill nýta sér átta ára reynslu hans sem þingmanns Alþýðubandalagsins. Óefað er Kristinn vaxandi alþingismaður og hefur sýnt það ótvírtætt að skoðanir hans flokkast undir borgaralegar hugsanir.

Leiðir hans og Alþýðubandalagsins skildu í raun undir lok fyrra kjörtímabilsins. Hins vegar er of langt mál að telja fyrir því öll rök. Þeir sem fylgst hafa með störfum þingsins vita að nokkuð oft hefur hann fylgt sömu stefnu og ríkisstjórnin. Tiltölulega lítið hefur verið úr því gert. Stóra tækifærið fékk hann hins vegar í orrahríðinni um fiskveiðstjórnunin á framhaldi dóms Hæstaréttar.

Sem formaður sjávarútvegsnefndar sýndi hann þá takta að eftir var tekið og skiptir þá engu hvort menn eru sammála stefnunni eða ekki. Vinnubrögðin, rólegt og yfirvegað fas ásamt æsingalausum og vel rökfærðum málflutningi urðu til þess að auka traust annarra framsóknarmanna á þessum nýja liðsmanni.

Enginn þyrfti að láta sér bregða þótt Kristinn yrði ráðherra, jafnvel í næstu stjórn. Líkurnar á því að hann vermi ráðherrastól eru ekki síðri en líkur Árna Johnsen, sem verður fyrsti þingmaður Suðurlands. Ef til vill sýnir það betur en flest annað að Kristinn nýtur trausts, að stuðningsmenn hans úr Alþýðubandalaginu treystu honum, þótt hann fylgdi ekki hörðu línunni og léti skynsemina ráða.

Framsóknarmenn leynast í öllum flokkum og stundum er sagt að fjölmennasti framsóknarflokkurinn af öllum íslenskum stjórnmálaflokkum sé Sjálfstæðisflokkurinn. Kannski er framsóknargenið í flestum Íslendingum, að minnsta kosti er það ríkjandi gen. Doktor Kári og Íslensk erfðagreining ættu að rannsaka hvort framsóknarmennska sé bundin genum. Það er jafn líklegt til árangurs og sumt annað sem sagt er liggja í loftinu í þeim efnum. Þjóðin sættir sig vel við stefnu sem hægt er að laga til eftir atvikum.

Kjósendur munu ekki snúa baki við Framsóknarflokknum á Vestfjörðum stilli hann Kristni í fyrsta sætið. Kjósendur munu skila sér af sama vananum og síðast. Munurinn er sá að þeir fá að kjósa mann sem stendur undir nafni sem þingmaður.

Samfylkingin og aðrir

Samfylkingin heldur undarlegasta prófkjörið. Hún stillir upp fólki í örugg sæti þótt það fái atkvæði, sem nánast mætti telja á fingrum sér. Kvennalistinn er eins og oft hefur verið sagt hér áður, best heppnaða kosningabragðið. Fylgislaus, skoðanalaus og fámennur flokkur kvenna, sem fyrir löngu hefur misst sjónar á jafnrétti nema með sérstökum jákvæðum formerkjum fyrir konur, það er að segja þær skulu hafa forréttindi umfram karla, hefur nú náð þeim árangri að hrinda þessari stefnu sinni í framkvæmd. Prófkjör Samfylkingarinnar í Reykjavík er talandi dæmi um þetta undarlega fyrirbrigði, sem þar kristallaðist í því, að fylgisleysi skipti ekki máli.

Prófkjör hafa ótvíræða kosti, en með þessum hætti sem hér hefur verið vikið að er gert grín að kjósendum. Það allra skemmtilegasta við grínið er að kjósendur kunna að meta þetta undarlega háð í sinn garð og vilja leiða Samfylkinguna til meirihlutavalds á Alþingi, ef marka má skoðanakannanir.

Við þessar aðstæður hlýtur jafnvel hörðustu stuðningsmönnum prófkjörs í Sjálfstæðisflokknum að vera léttir að uppstillingu með handafli. Samfylkingin á Vestfjörðum má eiga það, að hún ætlar ekki að gera grín að væntanlegum kjósendum sínum með rugluðu prófkjöri.

Sjálfstæðisflokkurinn á Vestfjörðum mun stilla þingmönnum sínum upp í sömu sæti og þeir skipuðu í síðustu kosningum. Grænt framboð mun væntanlega stilla upp með grænum fingrum. Sverrir Hermannsson og Lýðræðisflokkur hans stilla upp með handafli að hætti Sverris, sem hefur heimilislækni næstan sér í stjórnmálastarfinu.

Telja má víst að fjórir núverandi þingmanna haldi áfram þingsetu. Spurningin verður aðeins hvort græningi kemst að. Kristinn verður á sínum stað, bara í Framsóknarflokknum.

–Stakkur.

STUTTAR FRÉTTIR

Hávarður sigraði

Keppt var um Grænagarðsbikarinn í svigi í Tungudal sl. sunnudag. Í flokki karla 15 ára og eldri voru keppendur sjö og luku sex þeirra keppni. Sigurvegari varð Hávarður Olgeirsson, í öðru sæti varð Stefán Þór Ólafsson og í þriðja sæti varð Eiríkur Gíslason.

Tveir keppendur voru í kvennaflokki 15 ára og eldri og lauk annar þeirra keppni, Elín Marta Eiríksdóttir. Einnig voru tveir keppendur í flokki 13-14 ára stúlkna. Aldís Tryggvadóttir sigraði en Guðný Ósk Þórsdóttir var ekki langt á eftir.

Bikarmót á helginni

Bikarmót Skíðasambands Íslands þar sem 15 ára og eldri keppa í svigi og stórsvigi verður haldið í Tungudal dagana 14. og 15. febrúar.

Keppni hefst báða dagana kl. 11:30.

Ísfirðingar sigursælir

Ísfirðingar áttu sigurvegara í átta af fjórtán keppnisflokkum á Bikarmóti Skíðasambands Íslands sem haldið var á Ísafirði um fyrri helgi.

Í göngu með hefðbundinni aðferð áttu Ísfirðingar fjóra sigurvegara af sjö. Í 5 km göngu stúlkna 15-16 ára sigraði Sandra Steinþórsdóttir, í 7,5 km göngu drengja 15-16 ára sigraði Jakob Einar Jakobsson, í 10 km göngu pilta 17-19 ára sigraði Ólafur Th. Árnason og í 7,5 km göngu kvenna 16 ára og eldri sigraði Stella Hjaltadóttir.

Í göngu með frjálsri aðferð sigraði Katrín Árnadóttir í flokki 15-16 ára, í 5 km göngu drengja 15-16 ára sigraði Jakob Einar Jakobsson, í 10 km göngu pilta 17-19 ára sigraði Ólafur Th. Árnason og göngu kvenna sigraði Stella Hjaltadóttir.

Jónína Ó. Emilsdóttir, aðstoðarskólastjóri skrifar

Skipulag lestrarkennslu

Eins og allir vita er góð lestrarkunnátta lykill að góðum námsárangri. Það sem einkennir lestrarnám umfram annað nám er sú mikla þjálfun og endurtekning sem á sér stað. Það er með lesturinn eins og íþróttir – hann krefst stöðugrar þjálfunar á ákveðnu stigi lestrarferilsins til þess að skila þeim árangri sem við setjum okkur. Hvað varðar lestrarnám nemenda verður samstarf heimila og skóla aldrei ofmetið. Samstarfið krefst tíma og vilja, ekki aðeins á meðan barnið er á fyrstu árum grunnskólagöngu sinnar, heldur einnig, og ekki síður, á seinni stigum hennar. Það að fylgjast náið með árangri eykur metnað nemenda, kennara og foreldra. Það stuðlar að skjótari framförum nemandans í lestri og annað nám verður auðveldara og ánægjulegra.

Veturinn 1996-1997 var staða lesturs og lesskilnings til endurskoðunar í 1.-10. bekk Grunnskólans á Ísafirði, í þeim tilgangi að gera lestrarnám nemenda markvissara og samfelldara og bæta námsárangur nemenda. Þann vetur fólst aðalvinnan í því að safna gögnum og kanna fyrirkomulag lestrarkennslunnar eins og hún var. Út frá þessum gögnum ásamt viðtölum og vinnu með kennurum voru markmið lestrarkennslunnar ákveðin í hverjum árgangi, leiðir til að nálgast þau settar fram og staðan metin, bæði til skemmri og lengri tíma litið. Kom í ljós að of lítil áhersla var lögð á lestur eftir 4. bekk og áherslan var einkum á raddlestur. Almennt er talið að nemendur eigi að vera orðnir læsir við 10 ára aldur og eru það flestir. Þó á hluti nemanda (um 10%) við mikla lestrarörðugleika að etja og þeir nemendur þurfa sérstaka aðstoð.

Þegar við prófuðum nemendur á unglingastigi í lestri kom hins vegar í ljós að töluvert stærri prósenta náði ekki tilteknum lágmarksatkvæðafjölda á mínútu. Í lesskilningsprófinu kom einnig fram ónógur skilningur á lesefninu. Við nánari eftirgrennslan kom í ljós að stór hópur nemenda las mjög lítið t.d. sögubækur eða annað lesefni. Um leið og eftirfylgni á lestri í skólanum minnkar, og þá að sama skapi eftirfylgni heima, dettur lestrarhraðinn niður og lesskilningur ásamt orðaforða fylgir með. Þörf var á endurbættu skipulagi til að auka lestrarfærni nemenda, sérstaklega á mið- og unglingastigi. En hvernig? Hvað getur skólinn gert og hvað geta foreldrar gert? Hvað er hægt að gera til að virkja nemendur á mið- og unglingastigi? Jú, lestrarefnið verður að höfða til þeirra, það þarf að vera mátulega þungt,

Jónína Ó. Emilsdóttir.

áhugavekjandi, markvisst og fjölbreytt. Þörf var á að leggja oftar fyrir reglulegar kannanir á lestrarfærni nemenda og kennsla síðan byggð á þeim könnunum. Þeir nemendur sem grunur leikur á að séu með dyslexíu eða mikla lestrarörðugleika þurfa að fá nánari greiningu og aðstoð í framhaldi á því.

Lestrarskipulagið hófst svo skólaárið 1997-1998. Skipulagið fólst m.a. í því að fjölga hraða- og lesskilningsprófum frá 2. og upp í 10. bekk. Jafnframt var aukin áhersla lögð á lestur á miðstigi og efsta stigi grunnskólans. Í 9. bekk var haldið hraðlestrarnámskeið og nefnist námsefnið „Lestu nú“. Það er svipað að uppbyggingu eins og námsefnið „Lestu betur“ en það er kennt á framhaldsskólastigi. Þessi námskeið gefast mjög vel og eru dæmi þess að nemendur sem nú eru í 10. bekk hafi margfaldað lestrarhraða sinn. Mun þetta verða fastur liður í námi 9. bekkjar framvegis en námskeiðið nær yfir 6 tíma á viku í fjórar til fimm vikur. Eru allir íslenskutímar árgangsins teknir í lestrarátakið á því tímabili.

Þó að foreldrar komi ekki mikið nálægt þessu námsefni, þá er engu að síður nauðsynlegt að þeir fylgist með og hvetji börnin sín. Foreldrar eru lykilpersónur og gegna afar mikilvægu hlutverki í lestrarnámi barna sinna. Börnin þurfa á öllum ykkar liðstyrk að halda til þess að viðunandi árangur náist. Í öllu þessu ferli og í öllum bekkjum grunnskólans verða foreldrar að aðstoða börn sín við lesturinn og fylgast náið með árangri þeirra. Það að hvetja börnin og hrósa þeim ef vel gengur er nauðsynlegt. Ef foreldrar lenda í erfiðleikum og vantar ráðleggingar þá er besta ráðið að hafa samband við umsjónarkennara og/eða sérkennara um aðstoð.

Með sameiginlegu átaki kennara og foreldra við að virkja nemendur í lestri með öllum ráðum og dáðum í öllum bekkjum grunnskólans munum við geta aukið lestrarfærni nemenda og um leið minnkað líkur á að þeir lendi í lestrarerfiðleikum.

Ráðleggingar til foreldra barna, sem eiga í lestrarerfiðleikum

* Gott er að foreldrar setji upp tímatöflu í samráði við barnið, þar sem tíminn er valinn til að læra og lesa, þannig að hægt sé að minna á tímann.

* Nauðsynlegt er að lesa reglulega með barninu, minnst fimm sinnum í viku.

* Mikilvægt er að sitja við hliðina á barninu í ró og næði. Lestur á að vera hlý og notaleg reynsla.

* Gott er að skoða myndir og spá í efnið út frá þeim, áður en byrjað er að lesa.

* Gott er að hrósa oft, jafnvel þótt það virðist vera fyrir lítilræði. H-vítamínið er mikilvægt, sérstaklega þegar barnið les erfið orð, leiðréttir sjálft villu eða les heilar setningar rétt.

* Oft er erfitt að finna bók fyrir börn með lestrarörðugleika, sem höfðar til áhuga þeirra og löngunar til að lesa. Gott er að lesa þá til skiptis eða að báðir lesi saman.

* Mikilvægt er jafnframt að stuðla að sjálfstæði og ábyrgð barnsins í lestri og stýra ekki verkinu frá a til ö eða framkvæma fyrir barnið.

* Barnið á helst að benda sjálft á orðið um leið og það les. Sum börn vilja það ekki og fara þess vegna línuvillt og orðavillt. Gott er að setja blýant við upphaf þeirrar línu sem barnið er að lesa. Þegar barnið er að lesa síðasta orðið í línunni færir þú blýantinn niður að næstu línu. Reyndu þetta áður en þú tekur á þig ábyrgðina á verkinu og bendir sjálf/sjálfur á orðið.

– Jónína Ó. Emilsdóttir, aðstoðarskólastjóri Grunnskólans á Ísafirði.

Halldór Hermannsson á Ísafirði skrifar

Djúpbáturinn Fagranes

Nú hefur það verið gert heyrinkunnugt, að rekstur bílaferjunnar Fagraness verði hætt í vor að öllu óbreyttu, takist ekki með einhverjum hætti að bæta fjárhagsstöðu Hf. Djúpbátsins.

Mér þykja þetta slæm tíðindi fyrir íbúa Ísafjarðarbæjar og nágrennis og enn ein sönnun hnignunar byggðarlagsins. Það verður að segjast eins og er, að áhugi almennings er hvergi nærri nógur að nýta sér þennan þægilega flutningsmáta á bifreiðum og fólki. Segja má að það sé einungis fjóra mánuði ársins sem notkun skipsins er með viðunandi hætti. Skammur tími er liðinn frá því að lagður var mikill kostnaður og fyrirhöfn í að koma þessum ferðamöguleika á fyrir íbúa svæðisins. Má þar nefna tvær ferjubryggjur, á Ísafirði og Arngerðareyri, sem bíða þess eins að safna fugladriti í framtíðinni.

Vert er að skoða þetta dæmi nánar. Fólki sem vinnur á vegum hins opinbera er borgaður svokallaður ríkistaxti fyrir að aka á eigin bifreið ef starf þess útheimtir það. Rúmar 35 krónur munu vera borgaðar á hvern ekinn km á malbikuðum vegi en um 40 kr. pr. km á malarvegi. Þarna er tekið tillit til aksturs, bensíns og viðhalds á bifreið. Frá Ísafirði til Arngerðareyrar, landveg, munu vera um 178 km. Margfaldað með 35 kr. á kílómetra gerir það kr. 6.230,. Bíferjufarið kostar ökumanninn kr. 3.000,- en kr. 500 bætast við ef um farþega er að ræða. Þó að fólki finnist það taki minna í budduna að keyra landveginn, þá er það einfaldlega rangt þegar allt er reiknað.

Skoðum nú næst þægindi og öryggi. Ef við tökum dæmi af venjulegu fólki sem óvant er að keyra bíl í langkeyrslum, þá er það samdóma álit þeirra sem að ferðast með ferjunni um Djúp, að það sé ólíkt léttari ferðamáti og afslappaðri á leiðinni til Reykjavíkur, heldur en að krækja inn og út alla firði í misjafnri færð. Svo ekki sé nú talað um hálkuna sem er meira og minna viðvarandi á vetrum á Djúpveginum. Þeir sem undanfarið hafa verið að týna lífinu í bifreiðaslysum hér á landi hafa flestir farið á hálku, enda þótt að við hér vestra höfum verið svo heppin að sleppa mikið frá hálkuslysum það sem af er.

Nú fyrir skömmu hafa stjórnvöld gefið það út, að nú skuli efla og styrkja dreifbýlið með því að byggja hin svokölluðu menningarmusteri á nokkrum stöðum á landsbyggðinni. Þetta mun verða einhverra milljarða dæmi. Margir hugsa gott til þessara framkvæmda. Hins vegar eru mjög deildar meiningar meðal fólks um það með hvaða hætti þetta kemur til með að stöðva fólksflóttann úr héruðunum. Fagranesið hefur hlotið ríkisstyrki til reksturs síns þótt hann sé tiltölulega lítill miðað við rekstur annarra flóaskipa og ferja. Ég myndi vilja, mætti ég ráða, að menningarhöllin yrði höfð örlítið ódýrari í byggingu og peningar sem við það spöruðust nýttir til að styrkja bílaferjuna okkar meira, þannig að hún mætti nýtast okkur í einhver ár til viðbótar, a.m.k. þar til vegurinn um Djúp er orðinn styttri með brú yfir Mjóafjörð eins og fyrirhugað mun vera ásamt því að klárað væri að leggja bundið slitlag á allan Djúpveginn.

Nú er talið að ferðamannaþjónustan sé sá atvinnuvegur landsmanna sem á einna mesta framtíð fyrir sér og vaxtarmöguleika. Það er því kaldhæðnislegt, að nú skuli Ísfirðingar ætla að horfa á það með hendur í skauti að einn af máttarstólpum ferðaþjónustunnar, Fagranesið, skuli hverfa héðan úr byggðarlögum við Djúp. Hverjum ætlum við svo að telja trú um að hér sé verið að byggja upp til að taka á móti ferðamönnum? Var einhver að hlæja?

Fyrir tveimur árum síðan hóf Íslandsflug reglubundnar ferðir til Ísafjarðar. Í kjölfar þeirrar samkeppni sem þá skapaðist lækkuðu flugfargjöld verulega á leiðinni milli Ísafjarðar og Reykjavíkur. Rúmu ári síðar lagði Íslandsflug þessar ferðir niður. Við það hækkuðu flugfargjöld öll á ný. Forráðamenn Íslandsflugs gáfu það út, að Ísfirðingar hefðu sýnt þessu framtaki þeirra hið mesta tómlæti. Samt sem áður varð mörgum manninum illa við þegar þessi ferðamöguleiki aflagðist. Í vor um mánaðamótin maí-júní geri ég ráð fyrir því að mörgum manninum þyki miður þegar Fagranesið hættir, eða er öllum að verða sama um hvernig allt velkist hér til hnignunar?

Halldór Hermannsson.

Í Noregi er byggðarlag þar sem íbúar bitu í skjaldarrendur til þess að vinna sig út úr erfiðleikum og hnignun með því að vinna saman allir sem einn. Þeim er nú að takast að sigrast á erfiðleikunum; þar er nú allt á uppleið.

Er svo stutt á milli fjallanna hér á Ísafirði að þau þrengi að hugsanagangi fólks? Mér hefur stundum flogið það í hug.

– Halldór Hermannsson.

Húsfyllir var á þýska menningarkvöldinu sem haldið var á Hótel Ísafirði á föstudagskvöld. Á myndinni má m.a. þekkja þá Karl Björnsson bæjarstjóra á Selfossi, Ásgeir Magnússon formann bæjarráðs Akureyrar, Pétur H.R. Sigurðsson og Sigurjón Pétursson.

Þýskt menningarkvöld á Hótel Ísafirði

Færri komust að en vildu

Þýska menningarkvöldið á Hótel Ísafirði sl. föstudagskvöld fór hið besta fram og komust færri að en vildu. Samkoman hófst með borðhaldi, þar sem í boði voru sverar þýskar pylsur, súrkál og fjölmargir aðrir þýskir réttir. Frank Albers, forstöðumaður Goethe Zentrum á Íslandi, flutti Brechtkynningu sem Dorothee Lubecki þýddi jafnharðan á íslensku. Dr. Þorsteinn Jóhannesson, ræðismaður Þýskalands á Ísafirði flutti ávarp á þýsku og Halldór Halldórsson bæjarstjóri ávarpaði samkomuna. Sif Ragnhildardóttir söng lög við texta Brechts, þýskunemendur Róberts Jack í Framhaldsskóla Vestfjarða lásu úr verkum Brechts og tónlistarmenn komu fram, þar á meðal Eiríkur Gíslason sem lék á klarinett. Tökulið frá þýsku sjónvarpsstöðinni Arte var á staðnum og myndaði það sem fram fór.

Sif Ragnhildardóttir söng nokkur lög á menningarkvöldinu.

Þorsteinn Jóhannesson ræðismaður Þjóðverja á Ísafirði var að sjálfsögðu á menningarkvöldinu. Hér er hann í góðum félagsskap þeirra Harðar Högnasonar hjúkrunarforstjóra og Calica Lopes Santos, sem er brasilískur skiptinemi hjá Þorsteini.

Þýska sjónvarpstöðin Arte kvikmyndaði kvöldið og sá Dúi Landmark um það verk fyrir Þjóðverjana.

Ásgeir S. Sigurðsson, Pétur Bjarnason og Greta Jónsdóttir voru á meðal gesta.

Framsóknarflokkurinn

Kristinn efstur?

Uppstillingarnefnd Framsóknarflokksins á Vestfjörðum hefur samþykkt tillögu að skipan efstu sæta á lista Framsóknarflokksins fyrir alþingiskosningarnar í vor.

Tillagan verður lögð fyrir kjördæmisþing framsóknarmanna 20. febrúar, sem ákveður síðan endanlega skipan listans.

Gerð er tillaga um Kristin H. Gunnarsson í fyrsta sæti, Ólöfu Valdimarsdóttur í annað sætið og Björgmund Guðmundsson í það þriðja.

Þar sem Magnús Reynir Guðmundsson gefur ekki kost á sér í annað sæti, gerir uppstillinganefnd ekki tillögu um sæti fyrir hann á listanum.

Frá Golfklúbbi Ísafjarðar

Framhaldsaðalfundur G.Í. verður haldinn fimmtudaginn 11. febrúar nk. kl. 20:00 í nýja golfskálanum í Tungudal.

Á dagskrá er afgreiðsla reikninga síðasta árs og fleira sem til fellur.

Stjórnin.

Námskeið

Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands í samvinnu við Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða býður upp á almenn námskeið í gegnum fjarfundabúnað á Ísafirði og Patreksfirði. Námskeiðin hefjast sem hér segir:

Egilssaga (15. febrúar). Framhaldsnámskeið í spænsku (15. febrúar). Mat á verðmæti fyrirtækja og rekstrareininga (24. mars). Einnig verður boðið upp á starfsgreinanámskeið sem verða kynnt sérstaklega.

Nánari upplýsingar og skráning hjá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands, sími 525 4923.

Sjá einnig http://www.endurmenntun.hi.is//

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf.
sími 456 4780.

Dýralæknir

Ég verð stödd á Ísafirði og nágrenni miðvikudag, fimmtudag og hluta úr föstudegi þessa viku, 10.-12. febrúar. Síminn hjá mér er 854 6141 og 453 6865.

Laufey Haraldsdóttir, dýralæknir.

Arnar G. Hinriksson hdl.
Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

DAGSKRÁ

10. FEBRÚAR – 16. FEBRÚAR 1999

SJÓNVARPIÐ

MIÐVIKUDAGUR 10. FEBRÚAR 1999

11.30 Skjáleikurinn
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Myndasafnið
18.30 Ferðaleiðir
19.00 Andmann (17:26)
19.27 Kolkrabbinn
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.40 Víkingalottó
20.45 HHÍ-útdrátturinn
20.50 Mósaík
21.35 Laus og liðug (26:26)
22.05 Fyrr og nú (3:22)
23.00 Ellefufréttir og íþróttir
23.20 Auglýsingatím
23.30 Skjáleikurinn

FIMMTUDAGUR 11. FEBRÚAR 1999

10.30 Skjáleikur
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar
18.30 Tvífarinn (2:13)
19.00 Heimur tískunnar (17:30)
19.27 Kolkrabbinn
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.40 ...þetta helst
21.10 Fréttastofan (13:14)
21.35 Kastljós
22.10 Bílastöðin (19:24)
23.00 Ellefufréttir og íþróttir
23.20 Auglýsingatími
23.40 Skjáleikurinn

FÖSTUDAGUR 12. FEBRÚAR 1999

11.30 Skjáleikur
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Rússneskar teiknimyndir
18.30 Úr ríki náttúrunnar
19.00 Gæsahúð (14:26)
19.27 Kolkrabbinn
20.00 Fréttir, veður og íþróttir
20.45 Stutt í spunann
21.20 Gettu betur (1:7)
Spurningakeppni framhaldsskólanna.
22.30 Frumherjar
(The Right Stuff)
Bandarísk bíómynd frá 1983 byggð á metsölubók eftir Tom Wolfe um geimfara og tilraunaflugmenn sem tóku þátt í fyrstu geimferðaáætlun Bandaríkjamanna og konurnar sem biðu þeirra á jörðu niðri. *Aðalhlutverk: Sam Shepard, Scott Glenn, Ed Harris, Dennis Quaid, Barbara Hershey, Fred Ward og Veronica Cartwright.*
01.45 Útvarpsfréttir
01.55 Skjáleikur

LAUGARDAGUR 13. FEBRÚAR 1999

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.30 Þingsjá
10.50 Skjáleikur
13.15 Auglýsingatími
13.30 Bikarkeppnin í handknattleik
Bein útsending frá úrslitaleiknum í bikarkeppni kvenna.
16.00 Bikarkeppnin í handknattleik
Bein útsending frá úrslitaleiknum í bikarkeppni karla.
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Einu sinni var... (15:26)
18.30 Úrið hans Bernharðs (1:12)
19.00 Fjör á fjölbraut (3:40)
19.50 20,02 hugmyndir um eiturlyf
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.40 Lottó
20.50 Enn ein stöðin
21.20 Stormyndin
(The Big Picture)
Bandarísk gamanmynd frá 1989 um ungan og efnilegan kvikmyndagerðarmann sem á í erfiðleikum með að standast freistingarnar í Hollywood. *Aðalhlutverk: Kevin Bacon, Michael McKean, Martin Short og Jennifer Jason Leigh.*
23.10 Blíðubrögð
(Tricks)
Bandarísk sjónvarpsmynd frá 1996 um fyrrverandi dansmey sem nálgast miðjan aldur og leiðist út í vændi til að framfleyta sér og syni sínum. *Aðalhlutverk: Mimi Rogers, Ray Walston og Tyne Daly.*
00.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok
00.55 Skjáleikur

SUNNUDAGUR 14. FEBRÚAR 1999

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.30 Skjáleikur
13.00 Anton og Kleópatra
15.50 Hektor ratar heim
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Stundin okkar
18.00 Heimsbikarmót á skíðum
Bein útsending frá fyrri umferð í svigi karla í Vail í Kólóradó.
19.00 Geimferðin (30:52)
19.50 Ljóð vikunnar
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.30 Heimsbikarmót á skíðum
Bein útsending frá seinni umferð í svigi karla í Vail í Kólóradó.
21.05 Sunnudagsleikhúsið
Dagurinn í gær (1:3)
Hversdagsævintýri með glæpsamlegu og gamansömu ívafi. Hér er sagt frá einfaranum Dagfinni sem býr í fjölbýlishúsi og sogast inn í dularfulla atburðarás. Meðal leikenda: *Dofri Hermannsson, Guðrún Ásmundsdóttir, Hanna María Karlsdóttir, Margrét Vilhjálmsdóttir, Ólafur Darri Ólafsson, Viðar Eggertsson og Þórhallur Sigurðsson.*
21.35 Sönn íslensk sakamál (4:6)
22.05 Helgarsportið
22.30 Biðillinn
(Frieren)
Norsk sjónvarpsmynd frá 1996. Jack, sérvitur einfari um fertugt, og Susanne, sem er nýfarin frá manni sínum með ungan son þeirra með sér, búa í sama fjölbýlishúsi. Þau kynnast og hann gætir drengsins fyrir hana meðan hún er í vinnu en þá skýtur eiginmaður hennar upp kollinum.
23.30 Ljóð vikunnar
23.35 Útvarpsfréttir
23.45 Skjáleikurinn

MÁNUDAGUR 15. FEBRÚAR 1999

11.30 Skjáleikurinn
15.00 Alþingi
16.20 Helgarsportið
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Dýrin tala (6:26)
18.30 Ævintýri H.C. Andersens.
19.00 Ég heiti Wayne (19:26)
19.27 Kolkrabbinn
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.40 Kóngur í ríki sínu (4:5)
21.05 Til æðstu tignar (4:4)
22.15 Kalda stríðið (1:24)
(The Cold War)
Bandarískur heimildarmyndaflokkur um kalda stríðið.
23.05 Ellefufréttir og íþróttir
23.25 Mánudagsviðtalið
23.50 Auglýsingatími
00.00 Skjáleikurinn

ÞRIÐJUDAGUR 16. FEBRÚAR 1999

11.30 Skjáleikurinn
13.30 Alþingi
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Gaui garðvörður (3:4)
18.30 Þrír vinir (6:8)
19.00 Nornin unga (20:26)
19.27 Kolkrabbinn
20.00 Fréttir, íþróttir og veður
20.40 Deiglan
21.20 Illþýði (1:6)
(Touching Evil II)
Ný syrpa í breskum sakamálaflokki um sveit lögreglumanna sem er sérþjálfuð til að taka á skipulagðri glæpastarfsemi og eltast viðsíbrotamenn. Aðalhlutverk: Robson Green.
22.20 Titringur
23.00 Ellefufréttir og íþróttir
23.20 Auglýsingatími
23.30 Skjáleikurinn

2 STÖÐ-2

MIÐVIKUDAGUR 10. FEBRÚAR 1999

13.00 Ástin hefur hýrar brár (e)
14.45 Að Hætti Sigga Hall (1:12) (e)
15.25 Bræðrabönd (22:22) (e)
16.00 Brakúla greifi
16.25 Bangsímon
16.45 Spegill, spegill
17.10 Glæstar vonir
17.35 Sjónvarpskringlan
18.00 Fréttir
18.05 Beverly Hills 90210
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.05 Chicago-sjúkrahúsið (21:26)
21.00 Fóstbræður (3:8)
21.35 Nornagríman
(The Scold's Bridle)
Annar hluti af þremur í breskum sakamálaflokki eftir sögu Minette Walters.
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Íþróttir um allan heim
23.45 Ástin hefur hýrar brár (e)
(An Almost Perfect Affair)
Rómantísk gamanmynd sem gerist á kvikmyndahátíðinni í Cannes. Ungur bandarískur kvikmyndagerðarmaður kynnist gullfallegri eiginkonu framleiðanda frá Ítalíu. Mitt í hringiðu skrautlegs mannlífs verða þau brjálæðislega ástfangin og fá ekki við neitt ráðið. *Aðalhlutverk: Keith Carradine, Monica Vitti og Raf Vallone.*
01.15 Dagskrárlok

FIMMTUDAGUR 11. FEBRÚAR 1999

13.00 Morguninn eftir (e)
14.40 Listamannaskálinn
15.30 Fyndnar fjölskyldumyndir
15.55 Eruð þið myrkfælin?
16.45 Tímon, Púmba og félagar
16.20 Með afa
17.35 Glæstar vonir
18.00 Fréttir
18.05 Sjónvarpskringlan
18.30 Nágrannar
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.05 Melrose Place (20:32)
21.00 Kristall (17:30)
21.40 Tveggja heima sýn (3:23)
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Í lausu lofti (4:25)
23.35 Blóðbragð (e)
(Taste For Killing)
01.00 Morgunninn eftir (e)
(The Morning After)
Alex Sternbergen þótti efnileg kvikmyndaleikkona en það var fyrir löngu síðan. Nú er hún á hraðri niðurleið, hjónabandið er í molum og Bakkus hefur tekið völdin í lífi hennar. *Aðalhlutverk: Jane Fonda, Jeff Bridges og Raul Julia.*
02.40 Dagskrárlok

FÖSTUDAGUR 12. FEBRÚAR 1999

13.00 Þorpslöggan (15:17) (e)
13.50 60 mínútur II
14.45 Handlaginn heimilisfaðir
15.10 Listamannaskálinn (e)
15.35 Fyndnar fjölskyldumyndir
16.00 Gátuland
16.25 Tímon, Púmba og félagar
16.50 Orri og Ólafía
17.15 Litli drekinn Funi
17.35 Glæstar vonir
18.00 Fréttir
18.05 Sjónvarpskringlan
18.30 Kristall (17:30) (e)
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.05 Fyrstur með fréttirnar (8:23)
21.00 Menn í svörtu
(Men In Black)
Svartklæddu mennirnir starfa hjá óopinberri leyniþjónustu sem sett var á laggirnar til að hafa auga með öllum geimverunum sem hafa tekið sér bólfestu í samfélaginu okkar á meðal. Dag einn fá þeir veður af hættulegu ráðabruggi sem gæti endað með tortímingu allra jarðarbúa. *Aðalhlutverk: Tommy Lee Jones, Will Smith, Linda Fiorentino og Vincent D'Onofrio.*
22.55 Höfuð upp úr vatni
(Head Above Water)
Bandarísk útgáfa af norskri spennumynd sem vakti mikla athygli. Söguþráðurinn er á þá leið að hjónin Nathalie og George fara í sumarleyfi á afskekktan stað. Gamall vinur Nathalie er með í för og kvöld eitt á meðan þeir George fara að veiða birtist fyrrverandi elskhugi stúlkunnar á staðnum. *Aðalhlutverk: Cameron Diaz, Harvey Keitel og Craig Sheffer.*
00.30 Með láði (e)
(With Honors)
02.10 Sofðu rótt (e)
(Sleep Baby Sleep)
03.40 Dagskrárlok

LAUGARDAGUR 13. FEBRÚAR 1999

09.00 Með afa
09.50 Sögustund með Janosch
10.20 Dagbókin hans Dúa
10.45 Snar og Snöggur
11.10 Sögur úr Andabæ
11.35 Úrvalsdeildin
12.00 Alltaf í boltanum
12.30 NBA tilþrif
12.55 Jumanji (e)
14.45 Enski Boltinn
17.00 Oprah Winfrey
17.45 60 mínútur II
18.30 Glæstar vonir
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.05 Ó, ráðhús! (3:24)
20.35 Seinfeld (18:22)
21.05 Útskriftarafmælið
(Romy and Michele's High School Reunion)
Bernskuvinkonurnar og stuðboltarnir Romy og Michele komast að því þegar 10 ára útskriftarafmæli þeirra stendur fyrir dyrum að það er ósköp fátt sem þær geta stært sig af að hafa gert síðan þær útskrifuðust. *Aðalhlutverk: Mira Sorvino, Lisa Kudrow og Janeane Garofalo.*
22.40 Löggan í Beverly Hills 2
(Beverly Hills Cop 2)
Flennikjafturinn úr lögregluliði Detroit-borgar, Axel Foley, setti allt á annan endann þegar hann elti morðingja vinar síns til Beverly Hills hér um árið. Nú er hann kominn aftur heim til Detroit og vinnur að erfiðu sakamáli þar. *Aðalhlutverk: Eddie Murphy, Judge Reinhold og Jurgen Prochnow.*
00.20 Banvænn leikur (e)
(Just Cause)
02.00 Bíræfinn bankaræningi (e)
(Reckless Kelly)
Spaugileg mynd um ástralska bankaræningjann Ned Kelly sem fyrir slysni verður stórstjarna í Hollywood. *Aðalhlutverk: Hugo Weaving.*
03.20 Dagskrárlok

SUNNUDAGUR 14. FEBRÚAR 1999

09.00 Fíllinn Nellí
09.10 Össi og Ylfa
09.40 Sögur úr Broca stræti
09.55 Urmull
10.20 Skólalíf
10.45 Dagbókin hans Dúa
11.10 Heilbrigð sál í hraustum líkama
11.35 Frank og Jói
12.00 Sjónvarpskringlan
12.30 Íþróttir á sunnudegi
16.00 Besta litla hóruhúsið í Texas
18.00 Gerð myndarinnar You've Got Mail
18.30 Glæstar vonir
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.05 Ástir og átök
20.35 Fornbókabúðin
21.10 60 mínútur
22.00 Anna Karenina
Klassísk ástarsaga Leo Tolstoys um rússneska aðalskonu sem þorir að ganga veg ástarinnar í stéttskiptu 19. aldar þjóðfélagi. *Aðalhlutverk: Alfred Mol-ina, Sean Bean og Sophie Marceau.*
23.45 Lausnargjaldið (e)
(Ransom)
Aðalpersónan er auðugur kaupsýslumaður sem fer sínar eigin leiðir í viðskiptaheiminum. *Aðalhlutverk: Mel Gibson, Rene Russo og Gary Sinise.*
01.45 Dagskrárlok

MÁNUDAGUR 15. FEBRÚAR 1999

13.00 Hjarta Klöru (e)
14.45 Ally McBeal (16:22) (e)
15.35 Vinir (15:25) (e)
16.00 Eyjarklíkan
16.25 Tímon, Púmba og félagar
16.50 Úr bókaskápnum
17.00 Lukku-Láki
17.25 Bangsi gamli
17.35 Glæstar vonir
18.00 Fréttir
18.05 Sjónvarpskringlan
18.30 Nágrannar
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.05 Að Hætti Sigga Hall (2:12)
Sigurður L. Hall bregður sér á skíði til Madonna de Campiglio á Ítalíu sem er vinsæll skíðastaður í Ölpunum.
20.35 Þrátt fyrir allt
(Once Around)
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Ensku mörkin
23.40 Hjarta Klöru (e)
(Clara's Heart)
01.25 Dagskrárlok

ÞRIÐJUDAGUR 16. FEBRÚAR 1999

13.00 Chicago-sjúkrahúsið (21:26)
13.45 60 mínútur
14.30 Fyrstur með fréttirnar (8:23)
15.25 Ástir og átök (3:25)
15.30 Fyndnar fjölskyldumyndir
16.00 Þúsund og ein nótt
16.25 Tímon, Púmba og félagar
16.50 Kóngulóarmaðurinn
17.10 Simpson-fjölskyldan
17.35 Glæstar vonir
18.00 Fréttir
18.05 Sjónvarpskringlan
18.30 Nágrannar
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.05 Ekkert bull (12:13)
20.35 Handlaginn heimilisfaðir
21.00 Landið helga
21.35 Þorpslöggan (16:17)
22.30 Kvöldfréttir
22.50 Flugsveitin (e)
(Tuskegee Airmen)
Bandarísk sjónvarpsmynd frá 1995 um fyrstu flugsveitina í síðari heimsstyrjöldinni sem var eingöngu skipuð blökkumönnum. *Aðalhlutverk: Laurence Fishburne, Cuba Gooding.*
00.35 Dagskrárlok

MIÐVIKUDAGUR 10. FEBRÚAR 1999

****** Skjáleikur**
18.00 Gillette sportpakkinn
18.25 Sjónvarpskringlan
18.40 Golfmót í Evrópu (e)
19.40 Landsleikur í knattspyrnu
Bein útsending frá vináttulandsleik ***Englendinga*** og ***Frakka.***
21.50 Fanturinn
(Good Son)
Henry Evans er drengur sem á sér leyndarmál. Á yfirborðinu er ekki annað að sjá en hann elski foreldra sína, líti eftir litlu systur sinni og sé vinur vina sinna. Undir niðri er Henry hins vegar öðrum og verri kostum búinn. Og því fær frændi hans, Mark, að kynnast þegar hann flytur til fjölskyldunnar. En hver leggur trúnað á frásögn Marks um að Henry sé illa innrættur? *Aðalhlutverk: Macaulay Culkin, Elijah Wood, Wendy Crewson og Wendy Crewson.*
23.15 Lögregluforinginn Nash
00.05 Skaðleg ást
Ljósblá mynd.
01.40 Dagskrárlok og skjáleikur

FIMMTUDAGUR 11. FEBRÚAR 1999

****** Skjáleikur**
18.00 NBA tilþrif
18.30 Sjónvarpskringlan
18.45 Ofurhugar (e)
19.15 Tímaflakkarar (e)
20.00 Kaupahéðnar (14:26)
21.00 Á hálum ís
(Pretty Poison)
Þriggja stjarna mynd sem gerist í Montreal í Kanada. Smábófinn Dennis Pitt verður að takast á við lífið eftir dvöl í fangelsi. Hann fær vinnu í smábæ og kynnist þar ungri klappstýru, Sue-Ann Stepanek. Á yfirborðinu er hún sakleysið uppmálað en undir niðri leynast illar hvatir. Því fær Dennis að kynnast og samband þeirra tekur algjörlega nýja og lífshættulega stefnu. *Aðalhlutverk: Anthony Perkins, Tuesday Weld, Beverly Garland, John Randolph og Dick O'Neill.*
22.30 Jerry Springer (17:20)
Candice er meðal gesta hjá Jerry Springer í kvöld. Hún gekk nýverið í hjónaband en er eiginmanninum ótrú. Candice hefur undanfarið hitt bestu vinkonu sína, Jennifer, á laun og átt með henni nokkra ástarfundi. Jennifer er í svipuðum sporum og Candice því hún er líka gift!
23.10 Jarðálfurinn
(Troll)
Ævintýramynd og hrollvekja. Jarðálfur tekur sér bólfestu í líkama lítillar stúlku og tekur að breyta fólki í lítil, skrýtin skrímsli. *Aðalhlutverk: Michael Moriarty, Shelley Hack, Noah Hathaway, Jenny Beck og Sonny Bono.*
00.35 Dagskrárlok og skjáleikur

FÖSTUDAGUR 12. FEBRÚAR 1999

****** Skjáleikur**
18.00 Heimsfótbolti
18.30 Taumlaus tónlist
18.45 Sjónvarpskringlan
19.00 Íþróttir um allan heim
20.00 Fótbolti um víða veröld
20.30 Alltaf í boltanum
21.00 Stjörnutónleikar
(Celebration at Big Sur)
Tónleikamynd sem tekin var upp í Esalen í Kalíforníu í september árið 1969. Á meðal þeirra sem fram komu eru margar helstu stjörnur þess tíma. Þar má nefna *Crosby, Stills, Nash & Young, Joan Baez og Joni Mitchell.*
22.25 Víkingasveitin
(Soldier of Fortune)
Bandarískur myndaflokkur um líf og störf sérþjálfaða hermanna sem skipa óvenjulega sveit. Verkefni þeirra fela iðulega í sér baráttu upp á líf og dauða enda eru hermennirnir að verja hagsmuni þjóðarinnar bæði heima og erlendis.
23.20 Ofsahraði
(Born To Run)
Spennumynd. Nicky tekur þátt í lífshættulegum götukappakstri á 436 hestafla Mustang. Háar peningaupphæðir eru í boði og öllu er stjórnað af vafasömum náungum. Einn þeirra vill Nicky feigan. *Aðalhlutverk: Richard Grieco, Joe Cortese, Jay Acovone og Shelli Lether.*
01.00 NBA - leikur vikunnar
Bein útsending frá leik ***Philadelphia 76ers*** og ***San Antonio Spurs.***
03.25 Dagskrárlok og skjáleikur

LAUGARDAGUR 13. FEBRÚAR 1999

****** Skjáleikur**
18.00 Jerry Springer (17:20) (e)
18.35 Star Trek (e)
19.20 Kung Fu - Goðsögnin lifir (e)
20.05 Valkyrjan (9:22)
21.00 Hnefaleikar - Herbie Hide
Bein útsending frá hnefaleikakeppni í Newcastle á Englandi. Á meðal þeirra sem mætast eru ***Herbie Hide***, heimsmeistari WBO-sambandsins í þungavigt, og ***Orlin Norris***. Einnig mætast í hringnum þeir ***Joe Calzaghe***, heimsmeistari WBO-sambandsins í millivigt (super), og ***Robin Reid***, fyrrverandi heimsmeistari WBC-sambandsins í sama þyngdarflokki.
01.00 Jerry Springer (2:20) (e)
02.00 Hnefaleikar - Oscar de la Hoya
Bein útsending frá hnefaleikakeppni í Las Vegas í Bandaríkjunum. Á meðal þeirra sem mætast eru ***Oscar de la Hoya***, heimsmeistari WBC-sambandsins í veltivigt, og ***Ike Quartey*** frá Ghana.
05.05 Dagskrárlok og skjáleikur

SUNNUDAGUR 14. FEBRÚAR 1999

****** Skjáleikur**
11.00 Hnefaleikar - Oscar de la Hoya
13.50 Enski boltinn
Bein útsending frá leik ***Manchester United*** og ***Fulham*** í 5. umferð ensku bikarkeppninnar.
15.55 Spænski boltinn
Bein útsending frá leik ***Barcelona*** og ***Real Madrid*** í spænsku 1. deildinni.
17.55 Golfmót í Evrópu
18.50 19. holan
19.25 Ítalski boltinn
Bein útsending frá leik ***Parma*** og ***Bologna*** í ítölsku 1. deildinni.
21.25 Ítölsku mörkin
21.45 Á evuklæðum
(Delta of Venus)
Hér segir frá bandarískri konu í París á upphafsárum seinni heimsstyrjaldarinnar. Hún er að skrifa ástarsögu og elskhugi hennar, útgefandi og vinir hvetja hana til að sitja fyrir á evuklæðum. Hún slær til en ævintýrið er rétt að byrja. *Aðalhlutverk: Audie England, Costas Mandylor, Eric Da Silva, Raven Snow og Marek Vasut.*
23.25 Ráðgátur (14:48)
00.10 Skotmarkið
(Prime Target)
Kostuleg kvikmynd um tvo gjörólíka náunga sem takast á hendur stórhættulegt ferðalag þvert yfir Bandaríkin. Alríkislögreglan er búinn að klófesta einn liðsmanna mafíunnar, mann að nafni Coppella, og nú á sá hinn sami að bera vitni gegn fyrrverandi félögum sínum. John Bloodstone, sem í eina tíð var rekinn úr löggunni vegna hegðunarvandamála, fær það hlutverk að fara með Coppella á áfangastað en á leiðinni leynast margar hættur. Mafían hefur ekki gleymt fyrrum starfsmanni sínum og hyggst ryðja honum úr vegi. Leyniskyttur eru því á hverju strái og fram undan er hættuför þar sem Bloodstone og Coppella hafa á engan að treysta nema sig sjálfa. *Aðalhlutverk: Tony Curtis, Isaac Hayes, David Heavener og Robert Reed.*
01.35 Dagskrárlok og skjáleikur

MÁNUDAGUR 15. FEBRÚAR 1999

****** Skjáleikur**
17.30 Ítölsku mörkin
17.50 Ensku mörkin
18.45 Sjónvarpskringlan
19.00 Í sjöunda himni (e)
20.00 Stöðin (20:24)
20.30 Trufluð tilvera (22:31)
21.00 Allt lagt undir
(Gambler Playing For Keeps)
Hér segir frá fjárhættuspilaranum Brady Hawkes. Hawkes ætti að vera mörgum kunnugur en gerðar hafa verið nokkrar myndir um ævintýri hans. Að þessu sinni fylgjumst við með Hawkes sem reynir að ná fundum við son sinn, Jeremiah. Feðgarnir hafa ekki sést í áratug en pabbinn var í þeirri trú að strákurinn dveldist hjá móður sinni og væri við nám. Nú er hins vegar komið á daginn að sonurinn er í mjög slæmum félagsskap og er með lögregluna á hælunum. *Aðalhlutverk: Kenny Rogers, Loni Anderson, Bruce Boxleitner og Dixie Carter.*
22.30 Golfmót í Bandaríkjunum
23.25 Endurgjaldið
(Payback)
Oscar hefur setið 13 ár í fangelsi fyrir vopnað rán. Mac, sem er gamall fangi, heitir Oscari miklu fé ef sá síðarnefndi myrðir fangavörðinn illræmda, Gully.
00.55 Fótbolti um víða veröld
01.25 Dagskrárlok og skjáleikur

ÞRIÐJUDAGUR 16. FEBRÚAR 1999

****** Skjáleikur**
18.00 Dýrlingurinn
18.45 Sjónvarpskringlan
19.00 Dekurdýr (e)
19.30 Ofurhugar
20.00 Hálendingurinn (6:22)
21.00 Eyðimerkurhernaður
(The Desert Fox)
Þriggja stjarna stríðsmynd. Rommel hershöfðingi stjórnar sveitum Þjóðverja í Afríku. Á seinni hluta ársins 1942 er svo komið að Rommel á um fátt annað að velja en að láta menn sína hörfa. *Aðalhlutverk: James Mason, Leo G. Carroll, Jessica Tandy.*
22.30 Enski boltinn
Svipmyndir úr leikjum *Newcastle United.*
23.30 Glæpasaga (10:13) (e)
00.20 Dagskrárlok og skjáleikur

KAUP & SALA
ÓKEYPIS SMÁAUGLÝSINGAR

Til sölu er **Suzuki TX50** skellinaðra, árg. 1993. Ný uppgerð og ný sprautuð. Verð kr. 120 þús. Uppl. í síma 456 3421.

Til sölu er **skrifborð** með hillum og svefnsófi með skúffum. Selst ódýrt. Uppl. í síma 456 3903.

Til sölu er Intel Pentium PII **tölva**, 300 mhz, 3,6 GB HDD, 64 mb, 56 kb módem. Verð kr. 70 þús. Upplýsingar í síma 899 2967.

Blár frakki **tapaðist** í misgripum á Eyrinni. Vinsamlegast hringið í Gunnar Grey í síma 456 4236.

Tapast hafa útprjónaðir kvenvettlingar, líklegast í miðbænum á Ísafirði. Finnandi hafi samband í síma 456 3292.

Golfáhugafólk! Vinnukvöld verða á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum kl. 17-21. Byggingarnefndin.

Til sölu er **MMC Lancer** GLXi 4x4, árg. 1993. Upplýsingar í síma 456 7567.

Óska eftir **úrelduðum** bát, kvótalausum Færeyingi. Uppl. í síma 896 2870.

Einbýlishúsið að Þuríðarbraut 9 í Bolungarvík er **til leigu** frá 1. mars. Upplýsingar í síma 421 7193.

Til sölu er **Lada Sport** árg. 1995, ekinn 61 þús. km. Ásett verð kr. 450 þús. eða tilboð. Upplýsingar í síma 456 5127.

Til sölu er gasofn, rimlarúm, bílstóll og Simo-kerra. Uppl. í síma 456 3383.

Til sölu er Ski-Doo **vélsleði** árg. 1992 í toppstandi. Verð kr. 220 þús. Uppl. í símum 456 7741 og 894 8823.

Óska eftir 2ja sæta sófa (eða tveimur hægindastólum) og hillusamstæðu, helst gefins eða fyrir lítinn pening. Uppl. í síma 456 7481.

Óska eftir **Soda-stream tæki,** helst gefins eða fyrir lítinn pening. Upplýsingar gefur Linda í síma 456 4047.

Til sölu er **Artic Cat** snjósleði árg. 1991. Selst ódýrt. Upplýsingar í síma 456 3663 eftir kl. 19.

Tilboð óskast í húseignina að Hjallavegi 4 á Ísafirði. Gott hús á góðum stað. Mjög gott útsýni. Upplýsingar gefa Þorgerður eða Guðmundur í síma 456 3107.

Ung stúlka óskast til að dansa á kútmagakvöldi Lions á Hótel Ísafirði föstudagskvöldið 26. febrúar. Upplýsingar í símum 456 3674, 456 4640 og 456 3167 milli kl. 19 og 22 til 18. febrúar.

Þorrablót Grunnvíkinga verður haldið í Félagsheimilinu Hnífsdal 13. febrúar. Miðapantanir hjá Valdísi, s. 456 3549, Siggu Lúllu, s. 456 3466, Huldu, s. 456 4430 og Óskari, s. 456 4252. Rúta fer úr Firðinum kl. 19:30. Blótið hefst kl. 20:30.

Til sölu er fjögurra ára **AEG ísskápur**. Stærð: 1,40-x55x60 sm. Frystihólf með sérhurð. Upplýsingar í síma 456 4295.

Óska eftir 3ja-4ra herb. íbúð á leigu á Ísafirði. Uppl. í síma 456 6141.

Til sölu er húseignin að Vitastíg 8 í Bolungarvík. Uppl. í síma 456 7426.

Bráðvantar vinnu frá 1. mars. Fær í flestan sjó og til í nærri hvað sem er. Ekki lélegt kaup. Uppl. í síma 456 4460 á kvöldin.

Til sölu er **húseignin** að Hlíðarvegi 25 á Ísafirði. Húsið er u.þ.b. 150m² á tveimur hæðum. Efri hæð: Fjögur svefnherbergi, tölvuskot og baðherbergi. Neðri hæð: Forstofa, stofa, baðherbergi, eldhús og þvottahús. Sjón er sögu ríkari. Upplýsingar í símum 456 3041 og 456 4041.

Til sölu er vel með farið sófasett ásamt sófaborði. Uppl. í síma 456 3884.

Til sölu eða leigu er 260m² **einbýlishús** að Bakkavegi 14 í Hnífsdal ásamt 50m² vinnustofu. Húsið er mikið uppgert. Til greina kemur að taka litla íbúð upp í kaupverðið. Uppl. gefur Erna í síma 456 4097.

Tréskurðarnámskeið hefst 18. febrúar. Kennt verður í Hnífsdal. Upplýsingar í síma 456 7430.

Óska eftir 3ja herb. **íbúð á leigu** á Ísafirði. Uppl. gefur Magnús í síma 456 6280.

Til sölu er **Volvo 244** árg. 1983, ekinn 160 þús. km. Uppgerð vél. Sumar- og vetrardekk á felgum. Verð kr. 160 þús. Uppl. í síma 456 3431.

Óska eftir að kaupa 19-21" sjónvarp og 2-3ja sæta sófa. Uppl. í síma 456 3280.

Horfur á fimmtudag:
Sunnan stinningskaldi eða allhvasst, rigning og hiti 3-7 stig.
Horfur á föstudag, laugardag og sunnudag:
Suðvestan átt, stinningskaldi eða allhvasst á föstudag en hægari um helgina. Él vestan til en léttskýjað austan til og hiti kringum frostmark.
Á mánudag:
Hvöss norðanátt, snjókoma eða él og kalt í veðri.

Afmæli

85 ára

Í dag miðvikudaginn 10. febrúar verður 85 ára Jóhanna Friðriksdóttir frá Látrum í Aðalvík, nú til heimilis að Hlíf 1, Ísafirði.

Eiginmaður hennar er Högni Sturluson. Þau verða að heiman í dag.

SPORTIÐ Í BEINNI...

RÍKISSJÓNVARPIÐ

Laugardagur 13. febrúar kl. 13:30
Úrslitaleikurinn í bikarkeppni kvenna í handknattleik
Laugardagur 13. febrúar kl. 16:00
Úrslitaleikurinn í bikarkeppni karla í handknattleik
Sunnudagur 14. febrúar kl. 18:00 og 20:30
HM í Vail – Svig karla, fyrri ferð og seinni ferð

SJÓNVARPSSTÖÐIN SÝN

Miðvikudagur 10. febrúar kl. 19:40
Landsleikur í knattspyrnu: England – Frakkland
Föstudagur 12. febrúar kl. 01:00
NBA: Philadelphia 76ers – San Antonio Spurs
Laugardagur 13. febrúar kl. 21:00
Hnefaleikar: Herbie Hide – Orlin Norris
Laugardagur 13. febrúar kl. 02:00
Hnefaleikar: Oscar De La Hoya – Ike Quartey
Sunnudagur 14. febrúar kl. 13:50
Enska bikarkeppnin: Manchester United – Fulham
Sunnudagur 14. febrúar kl. 15:55
Spænski boltinn: Barcelona – Real Madrid
Sunnudagur 14. febrúar kl. 19:25
Ítalski boltinn: Parma – Bologna

TV2 - NOREGUR

Fimmtudagur 11. febrúar kl. 17:00 og 20:25
HM í Vail – Stórsvig kvenna
Föstudagur 12. febrúar kl. 17:00 og 20:00
HM í Vail – Stórsvig karla
Laugardagur 13. febrúar kl. 17:30 og 20:00
HM í Vail – Svig kvenna
Sunnudagur 14. febrúar kl. 17:30 og 20:25
HM í Vail – Svig karla

CANAL+ GULUR

Fimmtudagur 11. febrúar kl. 00:35
NHL Íshokký: Detroit Red Wings – Edmonton
Föstudagur 12. febrúar kl. 01:15
NBA: Philadelphia 76ers – San Antonio Spurs
Sunnudagur 14. febrúar kl. 20:25
NHL Íshokký: Colorado – Philadelphia

TV1000

Laugardagur 13. febrúar kl. 01:15
Hnefaleikar: Oscar De La Hoya – Ike Quartey

CANAL+ NOREGUR

Laugardagur 13. febrúar kl. 14:50
Enski boltinn: Charlton Athletic – Liverpool

NRK2

Laugardagur 13. febrúar kl. 14:00
Enska bikarkeppnin: Óákveðið hvaða leikur verður sýndur: Síðari hálfleikur verður sýndur á NRK1

Vantar þig leigubíl? Hringdu þá í síma 854 3518

Lotto

Sjóður stofnaður til styrktar Guðjóni Þorsteinssyni

Eins og margir muna lenti Guðjón Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KFÍ, í alvarlegu bílslysi í Bandaríkjunum á síðasta ári. Mágur hans lést í slysinu.

Það er ákaflega dýrt að veikjast eða lenda í slysum í Bandaríkjunum og mjög mikið vantar upp á að Guðjón sé búinn að sjá fyrir endann á þeim málum. Þess vegna hafa velunnarar hans hjá KFÍ stofnað styrktarsjóð og reikning í Íslandsbanka á Ísafirði.

Reikningurinn ber nafnið Styrktarsjóður Guðjóns Þorsteinssonar og númer hans er 0556-14-601200. Þeir sem eiga eitthvað til að láta af hendi rakna eru minntir á tilvist þessa reiknings. Hins vegar ætti að vera óþarfi að minna á hið gríðarmikla og óeigingjarna starf, sem Guðjón hefur unnið í þágu Ísfirðinga og Ísafjarðarbæjar á liðnum árum við uppbyggingu körfuboltans í bænum. Nú er lag að launa það, þótt í litlu sé.

Njarðvík
föstudaginn
12. febrúar kl. 20.00
íþróttahúsinu Torfnesi

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: bb@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

Njarðvík
föstudaginn
12. febrúar kl. 20.00
íþróttahúsinu Torfnesi

Önundarfjörður

Banaslys á brú

Kona á fertugsaldri lést í umferðarslysi er bifreið sem hún var farþegi í lenti í árekstri við litla hópferðabifreið á einbreiðri brú yfir Vaðal í Önundarfirði um kl. 16.30 á föstudag. Konan var barnshafandi, komin um sjö mánuði á leið. Ekki tókst að bjarga lífi barnsins. Ökumaður fólksbifreiðarinnar, sambýlismaður konunnar, slasaðist talsvert en áverkar hans eru ekki taldir lífshættulegir. Einn farþegi var í hópferðabifreiðinni, en hvorki hann né ökumaður bifreiðarinnar hlutu áverka. Tildrög slyssins eru óljós en veður var með ágætum er slysið varð. Konan sem lést var búsett á Þingeyri.

Frá slysstað á brúnni yfir Vaðal í Önundarfirði á föstudag.

VERÐU HÚÐINA
FYRIR FROSTINU!
Nutri-Star
kuldakremið frá
Dior komið aftur
NO NAME
varagloss virka
vel í kuldanum
Snyrtihús Sóleyjar
Hafnarstræti 9 • Ísafirði
Sími 456 5280

Ísafjörður

Ágúst og Flosi ehf. kaupir Naglann

Verktakafyrirtækið Ágúst og Flosi ehf. á Ísafirði hefur keypt rekstur verktakafyrirtækisins Naglans ehf. á Ísafirði og tekið við þeim verkum sem Naglinn hafði með höndum.

Stærst þeirra verka er við Kaþólsku kirkjuna við Mjallargötu. Starfsmenn Naglans eru jafnframt komnir til starfa hjá Ágústi og Flosa.

Hins vegar er það ekki rétt, sem flogið hefur fyrir, að Ágúst og Flosi hafi einnig keypt rekstur Trévers sf., þótt annar eigenda þess sé kominn til starfa hjá þeim.

Kökur með kerti á ársafmæli Sólborgar

Haldið var upp á eins árs afmæli leikskólans Sólborgar á Torfnesi á Ísafirði með friðsælum og kyrrlátum hætti. Skólinn var vígður 1. febrúar á síðasta ári. Í tilefni afmælisins fengu öll börnin litla köku með kerti. Um þessar mundir eru börnin á Sólborgu 126 talsins á aldrinum frá eins árs og upp í sex ára. Starfsfólkið er alls liðlega þrjátíu „hausar“, en margir af þeim eru í hlutastörfum. Leikskólastjóri á Sólborgu er Ingigerður Stefánsdóttir.

SAMKAUP
OPIÐ:
Virka daga
kl. 09 - 21
Laugardaga
kl. 10 - 18
Verið
velkomin!
SAMKAUP
AUSTURVEGI 2 • SÍMI 456 5460

Fyrrverandi flaggskip Ísfirðinga

Guðbjörgin seld úr landi

Samherji hf. á Akureyri hefur ákveðið að selja togarann Guðbjörgu ÍS 46 til Þýskalands og verður skipið afhent í næsta mánuði.

Kaupandi er Deutsche Fischfang Union, sem er að mestu leyti í eigu Samherja. Áhöfn skipsins hefur verið sagt upp.

Eftir að Guðbjörgin komst í hendur Samherjamanna hafa tilfæringar með skráningu á henni vakið nokkra athygli. Þegar skipið kom síðast til Ísafjarðar fyrr í vetur var það aftur komið með einkennisstafina ÍS 46.

Hins vegar hefur skipið ekki lagt upp á Ísafirði undanfarin misseri.

Guðbjörg ÍS-46.

1978-1998
20
Nýi
bæklingurinn
kemur!
Opið sunnud. 14. feb.
frá kl. 13 til 17
1978-1998
20
Samvinnuferðir-Landsýn
Söluskrifstofa • Hafnarstræti 7
Ísafirði • Sími 456 5390

Lífeyrisbók – Lífeyrissparnaður Landsbankans
Græddur er geymdur eyrir
Landsbanki Íslands
Ísafirði – sími 456 3022